

RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

Holur kassi og grófur strengur

Heimildir um alþýðuhljóðfæri á ýmsum tímum fram til ársins 1900

Sú skoðun að Íslendingar hafi ekki átt nein hljóðfæri er lífseig og henni er jafnvel haldið á lofti enn í dag. Við leit að heimildum um íslensku fiðluna hafa samt komið í ljós ýmsar upplýsingar um önnur alþýðuhljóðfæri sem spilað hefur verið á hér á síðustu öldum. Auk þess er ljóst að í heimildum er auðveldara að finna upplýsingar um innflutt hljóðfæri sem notuð voru á opinberum vettvangi, svo sem kirkjuorgel, og þau sem heldra fólk hafði í stofum sínum en um þau sem lítið fer fyrir og mest voru notuð af alþýðufólki. Við þessa athugun hefur einnig vaknað sú spurning hvort skoðanir á hljóðfæraeign eða hljóðfæraleysi landsmanna byggist á viðhorfum til alþýðuhljóðfæra en traustum heimildum. Þá hefur orðið ljós þörfin á að líta til margra ólíkra fræðigreina og nýta mismunandi heimildir sem geta gefið vísbendingar um hljóðfæri og hljóðfæraleik á Íslandi. Rýnt verður í heimildir frá mismunandi tímum og þær settar í samhengi við strauma og stefnur sem ríkjandi voru á hverju tímabili fyrir sig.¹

Kveikjan að þessari grein má segja að hafi verið áhugi enska tónlistarmannsins Chris Foster á gömlu hljóðfærunum, sérstaklega íslenskri fiðlu. Hann fór að lesa sér til um þau og benti greinarhöfundur á að allar nýlegar heimildir um íslensku fiðluna vitni mest í sömu þrjár ritgerðirnar sem allar komu út öðruhvorumegin við aldamótin 1900. Þetta eru kaflinn „Saungur og hljóðfærasláttur“ í riti Ólafs Davíðssonar um íslenskar skemmtanir frá 1888–1892,² kafla

- 1 Höfundur er skylt að þakka ýmsum sem hafa lagt honum lið með því að benda á heimildir þar sem hljóðfæra er getið. Þetta eru Auður Styrkárstöttir, Árni Heimir Ingólfsson, Bjarki Sveinbjörnsson, Guðrún Ingólfstöttir, Gunnar F. Guðmundsson, Katelin Parsons, Már Jónsson, Njörður Sigurjónsson og Sverrir Tómasson, en sérstakar þakkir fær Chris Foster sem vakti áhuga höfundar á efniinu. Auk þess fær Svanhildur Óskarsdóttir bestu þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.
- 2 *Íslenskar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur II*. Útg. Jón Árnason og Ólafur Davíðsson (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag 1888–1892), bls. 235–273.

um íslenska fiðlu og langspil í inngangi Bjarna Þorsteinssonar að *Íslenskum Þjóðlögum* sem komu út 1906–1909³ og grein Matthíasar Þórðarsonar, þáverandi Þjóðminjavarðar, frá 1919 um íslenska fiðlu sem gefin var Þjóðminjasafninu árið 1888.⁴ Matthías vitnar heilmikið til beggja fyrrnefndu ritgerðanna en enginn virðist síðan hafa skrifað nokkuð þar sem reynt er að seilast lengra aftur í tímann og rýna betur í heimildir sem liggja að baki skrifum þessara þriggja manna.

Annað sem ýtti undir þessa athugun mína var löngun til að hrófla við því viðhorfi sem virðist ríkja um hljóðfæraleik Íslendinga, þeirri hugmynd að landsmenn hafi alls ekki spilað á hljóðfæri á öldum áður. Auðvelt er að finna dæmi um slík viðhorf á prenti og nægir að nefna tvö. Það fyrra er úr viðtali við íslenskan tónlistarfræðing sem segir: „Við áttum í raun og veru engin hljóðfæri; þótt við tölum stundum um langspil og slíkt þá voru þau ekki algeng og oft lítið notuð ...“⁵ Seinna dæmið er úr viðtali við Nick Prior, félagsfræðing frá School of Social and Political Science við Edinborgarháskóla, í tilefni af fyrirlestri sem hann hélt á ráðstefnu um norræna popptónlist við háskólann í Hróarskeldu:

Historien om den islandske musik er også historien om knaphed. Ifølge Nick Prior var der langt op i tiden stort set ingen traditionelle vesteuropæiske instrumenter på Island: »Der har muligvis eksisteret instrumenter, som ikke har overlevet til i dag, men indtil midt i det 19. århundrede kender man kun til et par traditionelle strengeinstrumenter. De klassiske vesteuropæiske instrumenter er stort set fraværende; langt op i historien er der ingen klaverer, ingen violiner, ingen celloer. Islændingene prøvede at importere orgler og andre instrumenter, men de kunne ikke overleve i det islandske klima,« siger Nick Prior.⁶

Niðurstaða Priors, samkvæmt viðtalinu, er sú að vegna hljóðfæraskortsins sé röddin svo mikilvæg í íslenskri tónlist. Rannsókn hans

3 Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög* (Kaupmannahöfn: S. L. Møller 1906–1909), bls. 67–75.

4 Matthías Þórðarson, „Íslensk fiðla“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 34. árg. (1919), bls. 1–12.

5 Mikael Torfason, „Eina alíslenska tónlistarhefðin“, *Fréttatíminn* 11. janúar 2013, bls. 52.

6 Vef. Anders Boas, *Íslensk musik sprudler mod alle odds*. <http://videnskab.dk/kultur-samfund/islandsk-musik-sprudler-mod-alle-odds>, 20. febrúar 2013.

byggist á þátttöku og vettvangsviðtölum og þessi ályktun hans um hljóðfæri á Íslandi því án efa byggð á upplýsingum frá íslensku tónlistarfólki. Það er í sjálfu sér rétt að flest þau hljóðfæri sem Prior nefnir urðu ekki algeng hér á landi fyrr en tiltölulega seint á 19. öld, en þarna birtist einnig skýrt sú skoðun sem hefur verið ríkjandi, að einu hljóðfærin sem Íslendingar léku á hafi verið hin „þjóðlegu og séríslensku“ langspil og íslensk fiðla. Þetta viðhorf virðist að nokkru leyti eiga rætur sínar að rekja til áður nefndra þriggja — um 100 ára gömlu — heimilda.

En hvaðan kemur þetta viðhorf og þær alhæfingar sem íslenskt tónlistarfólk virðist oft hafa á takteinum? Ljóst er að auðveldara er að finna heimildir um hljóðfæri sem notuð voru á opinberum vettvangi en þau sem lítið fer fyrir og voru notuð og jafnvel smíðuð af alþýðufólki. Hér á eftir verða því skoðaðar ólíkar heimildir um hljóðfæri sem almenningur á Íslandi lék á, sér (og öðrum) til skemmtunar á ýmsum tímum, langoftast án stuðnings nótna eða nótnaskriftar. Athugunin spannar langt tímabil, eða frá 16. öld og fram til um 1900, sem hefur þann kost að unnt er að skoða hvernig viðhorfin hafa breyst í tímans rás. Svo langur tímarammi er einnig nauðsynlegur svo ná megi yfir heimildir um margvísleg hljóðfæri sem höfundur hefur kosið að nefna alþýðuhljóðfæri. Ekkert þeirra er alíslenskt eða sérstaklega þjóðlegt, heldur eru þau öll af sama tagi og þau hljóðfæri sem leikið hefur verið á af nágrönnum okkar í Norður-Evrópu. Í mörgum tilfellum hafa einstök hljóðfæri þó verið smíðuð af notendunum hér á landi. Við smíðina hafa þeir bæði notið góðs af kunnáttunni sem var fyrir hendi í landinu frá upphafi og stuðst við innfluttar fyrirmyndir.

Elstu hljóðfærin

Talið er að elsta hljóðfærið sem áreiðanlega var leikið á á Íslandi og varðveist hefur sé svokölluð munngígja (einnig kölluð kjálkaharpa eða gyðingaharpa) sem grafin var upp í fornleifauppgreiftri á Stóru-Borg undir Eyjafjöllum og er talin vera frá 16. eða 17. öld.⁷ Slík hljóðfæri eru talin með þeim elstu í heiminum; þau elstu hafa fundist í

⁷ Smári Ólason, „Organ, trómet og harpan söng. Hljóðfæri og tónlistariðkun fram á 19. öld“, *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Ritstj. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 2004), bls. 372–381, hér bls. 374.

Asíu en miðað við fornleifar hafa þau verið orðin algeng í Evrópu á miðöldum og sumir telja jafnvel að á þau hafi verið spilað í Evrópu á tímum Rómaveldis.⁸

Beinflautur hafa einnig þekkt víða um lönd og til er heimild um slíkt hljóðfæri hér á landi þó að hluturinn sjálfur hafi því miður ekki varðveist.⁹ Ole Worm (1588–1654), fornfræðingur í Kaupmannahöfn, hafði mikinn áhuga á Íslandi, skrifaðist á við marga Íslendinga og fékk þá til að senda sér allskonar fornmuini, náttúrugripi og handrit.¹⁰ Árið 1655 gaf Worm út lýsingu á safni sínu¹¹ og eftir að hafa sagt þar frá trúflautu, sem skóladrengur í Køge gleypti og skilaði niður af sér í ágúst 1646,¹² minnst hann þess að hafa fengið hljóðpípu úr lambslegg frá Íslandi, haglega gjörða og hljómfagra.¹³

- 8 Gjermund Kolltveit, *Jew's Harps in European Archaeology*. BAR International series 1500 (Oxford: Archaeopress 2006), bls. 4–5 og 51–64. Um íslensku munn-gígjuna segir Kolltveit: „The object has an unusual form to be a jew's harp. It is studied here from photocopy only, and there is therefore reason to take preliminary reservations as to the identification of the object“ (bls. 250). Fleiri erlendir sérfræðingar hafa látið í ljós efasemdir um að hér sé raunverulega um hljóðfæri að ræða, sjá Oddvin Horneland, „Den islandske munnharpa“, *Munnharpa* 16:63 (2014), bls. 10.
- 9 Í Svíþjóð hefur fundist beinflauta sem aldursgreind hefur verið til loka steinaldar (ca. 2300–1800 f.Kr.) en einnig flautur frá ýmsum öðrum tímum allt til 19. aldar (Cajsa S. Lund, „Bone Flutes in Västergötland, Sweden. Finds and Traditions. A Music-Arcaeological Study“, *Acta Musicologica* 57/1 (1985), bls. 9–25, hér bls. 9–11).
- 10 Halldór Hermannsson, „Ole Worm“, *Ársrit Hins íslenska fræðafjelags í Kaupmannahöfn* 2 (1917), bls. 42–64, hér bls. 48 og 55–57; *Ole Worm's Correspondence with Icelanders*. Bibliotheca Arnarnagana VII. Útg. Jakob Benediktsson (Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard 1948), bls. xv o.áfr.
- 11 Ole Worm, *Museum Wormianum seu Historia Rerum Rariorum. Tam Naturalium, quam Artificialium, Tam Domesticarum, quam Exoticarum, quæ Hafniæ Danorum in ædibus Authoris servantur* (Amstelodami: Elzevirios 1655); sjá einnig H. D. Schepeleyn, *Museum Wormianum. Dets forudsætninger og Tilblivelse* ([Kaupmannahöfn]: Wormianum 1971).
- 12 Sjá nánar *Breve fra og til Ole Worm III 1644–1654* (Nr. 1179–1796). Oversat af H. D. Schepeleyn. Under medvirken af Holger Friis Johansen (Kaupmannahöfn: Munksgaard 1968), bls. 300 og 302–303.
- 13 Worm skrifar: „Obiter hic moneo Tibiam mihi esse Islandicam proprie sic dictam ex osse tibie agninæ, pulchre satis elaboratam & sonoram.“ Worm, *Museum Wormianum*, bls. 374. Sjá einnig Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar* II (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag 1898), bls. 172.

Þessi íslenska flauta kemur annars hvergi fram í skráum yfir safn Worms, hvorki fyrir né síðar,¹⁴ og starfsfólk danska Þjóðminjasafnsins (*Nationalmuseet*) staðfesti að flautan hefði líklega týnst úr safninu þegar á 17. öld. Fleiri blásturshljóðfæri sem búin voru til á Íslandi bárust til Danmerkur því í Prestasögum sínum segir séra Jón í Hítardal frá því er Ögmundur Pálsson fékk tvo presta til að smíða tvo lúðra úr rostungstönnum sem hann tók síðan með sér til Kaupmannahafnar og gaf kóngi og „kónsins frillu“ til að liðka fyrir biskupsvígslu sinni.¹⁵

Arngrímur Jónsson lærði (1568–1648) var samtímamaður og pennavinur Ole Worms og hann nefnir í *Anatome Blefkeniana* 1613 að Íslendingar hafi sjálfir smíðað sér hljóðfæri og tekist vel upp.¹⁶ Ekki er þó alveg víst að hægt sé að taka þessi skrif Arngríms bókstaflega, a.m.k. bendir Árni Heimir Ingólfsson á að það sem hann segir um margraddda tónlist hafi ekki stuðning af neinum öðrum heimildum.¹⁷ Aftur á móti má nefna að séra Oddur Oddsson (1565–1649) er sagður hafa verið „vel að sér í söng og hljóðfærslætti,“ og hafa sjálfur smíðað hljóðfæri¹⁸ og ekki þarf að slá því föstu að séra Oddur hafi verið sá eini sem hægt var að segja slíkt um. Í erfiljóði sem ort var eftir Magnús Gissurarson (1591–1663), bartsкера á Lokinhömrum í Arnarfirði, kemur fram að hann hafi leikið á hljóðfæri „með

14 H.D., Schepelern, *Museum Wormianum*, bls. 354.

15 *Lbs.* (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, handritadeild) *Lbs.* 174 4to, Prestasögur Jóns Halldórssonar í Hítardal, 107r–108r.

16 Arngrímur Jónsson, *Anatome Blefkeniana Qua Dítmari Blefkenii viscera, magis præcipua, in Libello de Islandia, An. M.DC.VII. edito, conuulsa, per manifestam exenterationem retexuntur.* 2. útg. (Hamburgi: Officina Typographica Henrici Carstens 1613), bls. 52. Málsgreinin um tónlist hljóðar svo: „Quoad Musicam & melodiam, non fuerunt adeo amusi nostri homines, quin instrumenta Symphoniaca ipsi artificiose facerent, & melodiam vel musicam, ut vocant, figurativam, recentiore memoria noverint. Sunt etiam, qui cantionis 4.5. aut plurimum vocum excogitent ipsi, & non imperité concinnent.“ (Að því er varðar tónlist og sönglög hafa landar vorir ekki verið svo illa að sér að þeir hafi ekki getað búið til hljóðfæri af kunnáttusemi og þekkt, fyrir ekki svo löngu, svonefnda hrynbundna tónlist eða sönglög. Sumir hugsa jafnvel sjálfir upp lög með fjórum, fimm eða fleiri röddum og skipa þeim niður af nokkurri kunnáttu. Þýð. Árni Heimir Ingólfsson).

17 Ópr. Tölvupóstur Árna Heimis Ingólfssonar til höf. 11. september 2014. Sjá ummæli Arngríms í nmgr. hér á undan.

18 Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands II*, bls. 59.

list“ en því miður kemur ekki fram hvaða hljóðfæri það var eða voru.¹⁹

Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779) tók m.a. saman íslensk-latneska orðabók sem aldrei hefur verið gefin út en er varðveitt í handriti í níu stórum bindum í Árnasafni (AM 433 fol.).²⁰ Í orðabókinni er að finna lýsingu á hljóðfærinu bumbu sem hljóðar svo í þýðingu Ólafs Davíðssonar:²¹

Eg hefi einhversstaðar séð hljóðfæri nokkurt á Íslandi, sem ekki var ósvipað fiðlu eða lánspili að lagi og leingd, en undir streingjunum, sem voru tveir, ef eg man rétt, voru einn eða tveir uppblásnir belgir (eða blöðrur), sem gáfu frá sér dimt boms, þegar leikið var. Hljóðfæri þetta kallaði stúlkan, sem lék á það, og heimilisólkið bumbu.²²

Lýsingin á hljóðfærinu minnir mjög á það sem nefnist *bumbass* á þýsku (fr. *basse de Flandre*; e. *bladder and string*) og þekktist og var leikið á víða í Evrópu fram á 19. öld.²³ Hljóðfærið var oftast notað til undirleiks við söng og sjálfsagt hefur það einnig verið notað þannig hér á landi.

Jakob Benediktsson bendir á að orðabók Jóns sé merkilegust fyrir þær heimildir sem hún veitir „um hversdagsleg fyrirbæri íslensks

19 Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld*. Rit 91 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 2015), bls. 261.

20 Um orðabók Jóns sjá Jakob Benediktsson, „Glíman við orðabók Jóns Ólafssonar“, *Hræringur úr ritum Grunnavíkur-Jóns. Erindi flutt á málþingi um Jón Ólafsson úr Grunnavík laugardaginn 16. apríl 1994* (Reykjavík: Orðmenn og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns 1994), bls. 19–22; Guðrún Kvaran, „AM 433 fol. Orðabókarhandrit Jóns úr Grunnavík og sögulegar orðfræðirannsóknir“, *Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum*. Ritstj. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 2014), bls. 97–110.

21 *Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* II, bls. 269–270.

22 Textinn í orðabókinni hljóðar þannig: extat instrumentum quoddam musicum, ut aliqvo loco in Islandia vidi, non dissimile Fidlu vel Langspili, quod ad formam et longitudinem; sed sub fidibus (si rectè recorder, et quiduo erant) vesica una vel duæ erant vento inflatæ et turgentés, qvæ tactis fidibus bombosum soni mugitum edebit. Hoc instrumentum fæmina, qvæ eò utebatur, et domestici Bumba vocabant.

23 *Vef. Anthony C. Baines, „Bumbass“, Grove Music Online. Oxford Music Online. Oxford University Press, sótt 26. júní 2016: <http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/04311?q=Bumbass>.*

mannlífs á 18. öld²⁴ og má sannarlega gera ráð fyrir því að bumban sem Jón lýsir hafi verið hversdagslegt hljóðfæri, jafnvel heimasmiðað en gæti einnig vel hafa borist til landsins frá Evrópu. Á lausum miða með viðbót við flettiorðið „spil“ telur Jón síðan upp þau hljóðfæri sem þekktust séu á Íslandi en það eru, auk bumbunnar, langspil, fiðla, fíól, harpa, symfón og clavier eða clavicordium.²⁵

Íslensk fiðla²⁶

Frá tíma þeirra Arngríms lærða og Ole Worm er annars ekki mikið um beinar heimildir um hljóðfæri á Íslandi en stundum er minnst á þau í kveðskap, svo sem þegar séra Jón Einarsson í Stærra-Árskógi (um 1600–1674) talar um harmafiðlu í erfikvæði eftir konu sína.²⁷ Séra Guðmundur Erlendsson í Felli (1595–1670) líkir kvæðabók sinni við fiðlu með tvo strengi þar sem bókin skiptist í tvo hluta: veraldlegan og andlegan, rímur og sálma.²⁸ Kvæðabókina kallar

24 Jakob Benediktsson, „Glíman við orðabók Jóns Ólafssonar“, bls. 21.

25 SÁM. (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, handritasafn) AM 433 fol. VIII 2, bl. 288r: „ad Spil. Laang Spil, instrumentum musicum, fidibus instruetum [!]. Danicè Langeleeg. Spectat ad hljóð-færi, ut: fidla, fjooll, harpa, symphoon et clavier, aliis clavicordium. item Bumba; vesicam habens inflatam. Loqvos enim de illis instrumentis tantum qvæ Islandis sunt familiari simi.“ Fjöldi af lausum miðum hefur fylgt orðabókarhandritinu og hafa þeir nú verið bundnir inn með því á viðeigandi stöðum. Seðlarnir voru aftur á móti ekki teknir með þegar handritið var ljósmyndað, á 6. áratug 20. aldar, og því ekki orðteknir með öðrum texta orðabókarinnar, sjá Jakob Benediktsson, „Glíman við orðabók Jóns Ólafssonar“, bls. 20. Þetta er ástæðan fyrir þeim misskilningi að orðið langspil sé ekki að finna í orðabókinni, sjá t.d. Vef. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, „Heimildir um langspil fyrir aldamótin 1900“, *Fornleifur* 23.03. 2013, sótt 28. júní 2016: <http://fornleifur.blog.is/blog/fornleifur/entry/1287106/>.

26 Í heimildum framundir 1900 virðist vera átt við íslenska fiðlu þegar talað er um fiðlu, en þegar átt er við fiðlu sem lögð er undir vanga til að spila á er notuð einhver mynd af orðinu fíól.

27 Jón Samsonarson, „Sorgarljóð og gleðikvæði prestsins á Árskógsströnd“, *Gripla* 5 (1982), bls. 7–34, hér bls. 21.

28 Þetta er ekki einsdæmi eins og sést í minningum Benedikts Gröndal, sem segir frá kvæðabók Halldórs Davíðssonar er bar titilinn „Lítill tvístrengjuð fiðla. Fyrri partur, með andlegrar merkingar hljóði. Síðari partur, með veraldlegrar merkingar hljóði“, Benedikt Gröndal, *Dægurvöl* (Reykjavík: Forlagið 2014), bls. 135.

Guðmundur bókstaflega „Andleg Gya edur hliodfære“, og í inn- gangskvæðinu „Til lesarans“ segir:²⁹

1. Gyu Streinge tjæe eg tuo
tals: wr girni snúna
minnar eins eg seigi so
wr samstædumm tilbúna.
2. Fyrre partur hennar hefur
heilög vers og kuæde
Annar: siädu af sier giefur
ypparleg heilræde.
19. Ydur kueri ødru til
er eg i veg ad midla
Rýmur og psälma, þar eg þyl
þad er ein annðleg Fydla

Guðmundur talar ýmist um gígju eða fiðlu og virðist nota þau orð eins og samheiti, en íslenska fiðlan er annað strengjahljóðfærið sem best er þekkt og hefur oftast tvo strengi. Það er ekki fyrr en á seinni tímum sem farið er að kalla hljóðfærið *íslenska* fiðlu og er það vafalaust gert til að aðgreina það frá þeirri fiðlu sem nú er best þekkt, en sú venja getur valdið þeim misskilningi að hér sé um séríslenskt hljóðfæri að ræða. Hljóðfæri af þessari gerð voru þekkt annars staðar á Norðurlöndum á miðöldum og er 12. aldar höggmynd í Niðarós-dómkirkju líklega besta dæmið þar um.³⁰

Helga Jóhannsdóttir, sem safnaði saman margskonar heimildum um íslenska fiðlu og langspil en birti ekki mikið þar um, skrifaði eftirfarandi lýsingu á íslenskri fiðlu í sýningarskrá fyrir Tónlistar-sögusafnið í Kaupmannahöfn árið 1972:

29 *Lbs. JS 232 4to.* Andleg gígja eður hljóðfæri. Endurskrifuð á Bjarnastöðum í Unadal 1688–1689 af Skúla Guðmundssyni, bl. 2r–v. Kvæðabókin er varðveitt í fleiri handritum, sjá Þórunn Sigurðardóttir, *Heiður og huggun*, bls. 49–50 nmgr. 38.

30 Smári Ólason, „Organ, trómet og harpan söng“, mynd á bls. 374; sjá einnig umfjöllun um orðið *fipla–fidhla* í fornsænsku: Eve Helenius-Öberg, „Danz ok leker ok fagher ord. Kring musikterminologi i fornsvensk tradition“, *Dans och lek och fagra ord. En syndares omvändelse. Den hellige Olafs historier. Tre uppsatser om fornsvenska*. MINS 41. Ritsjtj. Patrik Åström (Stockholm: Institutionen för nordiska språk 1995), bls. 11–70, hér bls. 31–35, og Wilfried Ulrich, *The Story of the Hummel (German Scheitholt)*. Þýð. Christa Farnon (Cloppenburg: Museumsdorf Cloppenburg — Niedersächsisches Freilichtmuseum 2011), bls. 16.

Several descriptions of the *fidla* occur in 18th and 19th century sources although not, unfortunately, in any great detail; however, they define the *fidla* as a bowed instrument with one or two strings stretched over a hollow case. Towards the close of the 19th century the instrument appears to have become entirely obsolete.³¹

Þekktasta lýsingin á *fiðlu* er líklega viðlagið: „Hrosshár í streingjum og holað innan tré, eigi átti' hann *fiðlungur* meira fé.“³² En eina þá gleggstu er að finna í bók Helga Sigurðssonar frá 1891, um rímnahætti, þar sem hann segir frá þeim bragarhætti sem kallaður hefur verið *fiðlulag*.³³ Helgi skrifar:

Fiðlur, þessi einföldu, ófullkomnu hljóðfæri, munu nú, að eg ætla, vera, sem fleira gamalt, undir lok liðnar í landinu, og fáir því vita, hvernig þær voru að gerðinni, nema ef væru elztu menn. Því skal hér lítið eitt nánara minnzt á þær, þótt rit þetta ekki hnígi að söng eða hljóðfærum. ... *Fiðlur* voru vanalega styttri og víðari en langspil, sem enn sjást menjar af, en höfðu ekki neitt bogið útskot sem þau í víðari endann. Þær höfðu 2 strengi, festa á lykum í annan endann en látúnsnögum í hinn, og nótnastokk undir strengjunum. Bogi með taglhársstreng fylgdi með. Á strengina og bogastrenginn var borin myrri, þegar spilað var á *fiðluna*. Á hana voru spiluð flest íslenzk lög, eptir því sem þau þá voru höfð. *Fiðlur* þessar sá eg í ungdómi mínum (á árunum 1820–30), en hef ekki séð þær síðan.³⁴

Fiðlur eru einnig nefndar í þjóðsögum svo sem sögnum af *Fiðlu-Birni*, sem átti að hafa verið uppi á 16. öld og verið afburðagóður

31 Helga Jóhannsdóttir, „The *Fidla* of Iceland“, *From Bone Pipe and Cattle Horn to Fiddle and Psaltery. Folk Music Instruments from Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden* (Kaupmannahöfn: Musikhistorisk Museum 1972), bls. 27–31, hér bls. 27.

32 *SÁM. AM 433 fol.* undir ‘*fiðlungur*’, hér vitnað í *Íslenzkar gátur, skemtanir, víkivakar og þulur II*, bls. 269.

33 Bragarhátturinn *fiðlulag* er svokallað úrkast en verður að vera „optast eða ætíð án lausaorða“, segir Helgi. Hann telur líklegt að Árni Böðvarsson (1713–1776) sé höfundur bragarháttarins en það stenst ekki þar sem hann finnst í Háttalykli Þorláks Guðbrandssonar (1672–1707) í handritum. Helgi bætir síðan við: „Þessi lög hafa víst verið ein af hinum gömlu vikivaka lögum, er sungin voru eða spiluð, líklega á *fiðlur*, við hina gömlu, íslenzku þjóddansa, vikivakana.“ Helgi Sigurðsson, *Safn til bragfræði íslenzkra rímnna að fornu og nýju* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1891), bls. 240.

34 Sama heimild.

fiðluleikari.³⁵ Um Latínu-Bjarna (1709–1790), sem einnig má teljast þjóðsagnapersóna, orti Árni Böðvarsson (1713–1776):³⁶

Smiður bezti, vanur til veiða,
vistast hjá honum allar listir,
fiðlu og symfun fer með tíðum,
fíól, hörpu, langspil, gígju;
kirurgus er mörgum meiri,
maður tryggur, vel ættaður,
orðsnotur, skáld, allvel lærður.
Árni kveður um Jónsson Bjarna.

Bjarni orti sjálfur gamansamt brúðkaupskvæði veturinn 1731–32 en þá var hann skólapiltur í Skálholti. Brúðkaupið á að vísu að fara fram einhvers staðar í útlöndum en tekur þó greinilega mynd af umhverfi og samfélagi höfundarins.³⁷ Þetta sést t.d. á því að veislan er haldin í baðstofu en einnig því að siðirnir, sem lýst er í kvæðinu, samræmast þeim brúðkaupssiðum sem Eggert Ólafsson (1726–1768) lýsir og mælir með.³⁸ Þetta á einnig við um tónlistariðkunina því á báðum stöðum er talað um tvísöng og hljóðfæraleik. Í kvæðinu eru þessi erindi:³⁹

Í miðbaðstofu mátti sjá,
mér leizt fordeild [!] að hlýða á,
Símon í Höfða bassann bezt
Byrjar, það þykir skemtan mest,
Tenor að kyrja trú' eg sé
Tamt Jóni í Haga Grímssyney;
Læt ég þá aðra liggja' í hlé.

Tromet, pípu og trumbu són
tíðkaði bezt Hrosshaga-Jón,
Organ að troða Símon sést,
Sú var nú listin allra bezt,
Jón trassi kallar hóp í hátt:
Herði þið vel á streingja mátt,
Góðu fólki svo gerist kátt.

35 Sjá t.d. Ólafur Davíðsson, *Íslenskar þjóðsögur* I, 3. útg. Þorsteinn M. Jónsson bjó til prentunar (Reykjavík: Þjóðsaga 1978), bls. 11–12; Konrad Maurer, *Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum*. Þýð. Steinar Matthíasson (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2015), bls. 120–123.

36 Gísli Konráðsson, *Sögubættir*. Útg. Jón Þorkelsson (Reykjavík: Einar Gunnarsson og Sögufélagið 1915–1920), bls. 224.

37 Fólk sem nafngreint er í kvæðinu gæti hafa verið raunverulegt fólk, a.m.k. eru bæjarnöfnin raunveruleg nöfn á bæjum í nágrenni Skálholts.

38 Eggert Ólafsson, *Uppkast til forsagna um brúðkaupssiðu hér á landi*. Þorfinnur Skúlason og Örn Hrafnkelsson bjuggu til prentunar (Hafnarfirði: Söguspekingastifti 1999).

39 Gísli Konráðsson, *Sögubættir*, bls. 235.

Eggert segir að þegar söngvarar taki við af síðamanni megi „í stemma með hljóðfærum, hörpu, víol, söngpípu eður öðrum söngtólum.“⁴⁰ Og þegar hann hefur útskýrt að söngurinn megi ekki yfirgnæfa hljóðfærin segir hann: „Þau hljóðfæri sem eru í dimmara lagi svo sem sum horn, digrar reyrpípur, langspil et cetera megu brúkast með tempruðum ungmenna- eður kvennaröddum; en við karlaraust greinast vel klavier, víol, flautur et cetera. Því þau hljóðfæri eru skærraustuð.“⁴¹ Veislur eins og þarna er vísað til hafa ekki verið haldnar á hverju heimili á Íslandi en að samanlögðum þessum tveimur heimildum er þó gert ráð fyrir talsvert almennri getu í hljóðfæraleik og söng.⁴²

Teikningar í handritum má einnig nota sem heimildir um hljóðfæri hér á landi. Í handrit sem skrifað er 1755–1756 hefur Jakob Sigurðsson (1727–1779), bóndi m.a. í Jórvík í Breiðdal, teiknað mynd af Davíð konungi með hörpuna, en hjá honum eru fleiri hljóðfæri og m.a., svo ekki verður um villst, íslensk fiðla.⁴³

Að sjálfsögðu er ekkert hægt að fullyrða um það hvort íslensk fiðla hefur verið algengt alþýðuhljóðfæri en þó virðist fiðla og fiðlubogi hafa verið það vel þekkt á 18. öld að Jón Eyjólfsson (1676–1718), sem talinn er höfundur ferðalýsingar úr Borgarfirði vestur að Ísafjarðardjúpi, telur lesanda geta ímyndað sér lögun Ísafjarðar með því að fá að vita að hann sé í laginu eins og fiðlubogi.⁴⁴ Árni Magnússon tekur sem dæmi um mállýsku Meðallandsmanna að þeir kalli bassastreng „í hörpunni *bordun*“, og má þá ætla að algengt hafi verið að kalla hann eitthvað annað.⁴⁵ Einnig má benda á að Jón Ólafsson úr Grunnavík nefnir alltaf hörpu og fiðlu þegar honum þykir

40 Eggert Ólafsson, *Uppkast til forsagna um brúðkaupssiðu hér á landi*, bls. 26.

41 Sama heimild, bls. 27.

42 Sagt hefur verið að Eggert Ólafsson hafi ætlað að „kenna þjóðinni að halda glæsilegar veislur í takt við nýjustu tísku en um leið í takt við arfleifð þjóðarinnar.“ (Þorlákur Axel Jónsson, „Magnús Stephensen: Ræður Hjálmars á Bjargi ...; Eggert Ólafsson: „Uppkast til forsagna um brúðkaupssiðu hér á landi ...“ [Ritfreg], *Saga* XXXVIII:1 (2000), bls. 362–364, hér bls. 364.

43 *SÁM* 3 Sálmaabók — Sjóorðabókin, bl. 106v. Hin hljóðfærin á myndinni er ekki eins auðvelt að greina en eitt þeirra gæti verið horn.

44 Jón Eyjólfsson, „Ferðasaga úr Borgarfirði vestur að Ísafjarðardjúpi sumarið 1709, ásamt lýsingu á Vatnsfjarðarstað og kirkju“, *Blanda* 2 (1921–1923), bls. 225–239, hér bls. 232.

45 „Úr söfnum Árna Magnússonar“, *Blanda* 1 (1918–1920), bls. 386–396, hér bls. 391.

ástæða til að taka dæmi um hljóðfæri í orðabók sinni og má ætla að það séu þau hljóðfæri sem honum eru efst í huga.⁴⁶

Langspil

Hitt strengjahljóðfærið sem flestir þekkja eða vita af úr fortíðinni er langspil, sem Jón Steingrímsson eldklerkur (1728–1791) spilaði á með list, eins og hann segir sjálfur frá í ævisögu sinni: „skólabræður mínir ... lokkuðu mig um ein jól að koma þangað að sjá stað og fólk og slá þar upp á langspil, er eg með list kunni ...“⁴⁷ Jón minnst nokkrum sinnum á hljóðfæraleik en eina hljóðfærið sem hann nefnir sérstaklega er langspilið. Undir lok ævisögunnar segir hann nokkuð frá ánægju sinni af tónlist, segist ekki vera mikill söngmaður og hafi þess vegna lært hljóðfæraleik. Þó kemur að því að hann getur ekki lengur spilað:

Nú eptir jarðeldsumgang(inn) hætti (eg) að fara með hljóðfæri af margfaldri mæðu þeirri, sem yfir mig féll.

Þá eg í minni Setbergsferð, hvar um áður er getið, hafði næturstað á Bæ í Borgarfirði, sá eg þar snorturt langspil, er þar hékk, og þarverandi húsmóðir Mad^{me} Þuríður Ásmundsdóttir átti og brúkaði. Hún, sem gera vildi mér alt til þenustu og afþreyingar, bauð mér það til að slá upp á það. Og þá eg það reyndi, gat eg það ei fyrir innvortis angursemi og hugsun til fyrri daga hvað þá hún sá, tók hún sjálf að spila á það ein þau listilegustu lög, hvar eg endurlífnaði við og fékk þar af sérleg rólegheit.⁴⁸

Þarna sést að langspil Jóns og hljóðfæraleikur hans hefur ekki verið neitt einsdæmi, en öðrum heimildum frá svipuðum tíma ber þó ekki saman um hljóðfæraeign og hljóðfæraleik Íslendinga. Niels Horrebrow (1712–1760), sem dvaldist hér á landi árin 1749–1751, segir að engin hljóðfæri þekkist á Íslandi þó að einstaka „vittigt Hoved“ hafi gert sér eftirlíkingar af fíólum sem þeir hafi séð í kaupstöðunum, en þá kunni þau ekkert með þau að fara.⁴⁹

46 Þetta er t.d. við flettiórðin 'dans', 'girnir', 'strengur' og 'slá'.

47 Jón Steingrímsson, *Ævisaga Jóns prófasts Steingrímssonar eptir sjálfan hann*. Sögurit 10 (Reykjavík: Sögufélag 1913–1916), bls. 65.

48 Jón Steingrímsson, *Ævisaga*, bls. 297–299, hér bls. 299.

49 Niels Horrebrow, *Tilforladelige Efterretninger om Island. Med et nyt Landkort og 2 Aars Meteorologiske Observationer* (Kaupmannahöfn: [s.n.] 1752), bls. 375–376.

Aftur á móti segist Uno von Troil (1746–1803), sem kom hingað 1772 með leiðangri sir Joseph Banks, hafa séð tvö hljóðfæri á Íslandi:

Jag såg i landet tvänne spel-Instrumenter, *Laang spil*, med sex messingssträngar, och *Fidla*, med två tagelsträngar, som bägga speltes med stråke. Et annat Instrument, *Symphon*, hörde jag äfven talas om, men såg det ej.⁵⁰

Að öllum líkindum hefur Uno von Troil séð fleiri en eitt langspil því að það eintak sem Sir Joseph Banks hafði sjálfur með sér til Englands hafði fjóra strengi en ekki sex. Frá því segir tónskáldið og fræðimaðurinn Charles Burney:

Sir Joseph Banks and Dr. Solander, when they visited this island in 1773 [!], brought thence a very ancient musical instrument, of a narrow and long form, which used to be played on with a bow; and of which they did me the honour to make me a present. It is called by the natives the LONG-SPIEL, and has four strings of copper, one of which is used as a drone. Pieces of wood are placed at different distances upon the finger-board to serve as frets. Though this individual instrument has the appearance of great antiquity, yet, rude and clumsy as it is, there can be no doubt but that it was still more imperfect in its first invention. For to have placed these frets, implies some small degree of meditation, experience, and a scale; and as to the bow, that wonderful engine! which the ancients, with all their diligence and musical refinements, had never been able to discover, it seems, from this instrument, to have been known in Iceland at least as early as in any other part of Europe. Sir Joseph Banks and Dr. Solander, when they found the LONG-SPIEL on the island, had very great difficulty in discovering a person among the inhabitants who either could, or would, dare to play on it. At length a wicked Icelander was found, who being rendered more courageous and liberal than the rest by a few glasses of generous gin, ventured, in secret, to exhilarate these philosophers — —with a *Psalm-tune*.⁵¹

50 Uno von Troil, *Bref rörande en resa till Island MDCCLXXII* (Uppsala: Magnus Swederus Bokhandel 1777), bls. 70; úr bréfi til „Herr Cancellie Rådet och Riddaren Ihre. Stockholm d. 1 Sept. 1774.“ Heimildir eru um að Þórður Þorláksson (1637–1697) Skálholtsbiskup hafi flutt symphon, harpsichord og regal til landsins (sjá Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, „Tónlistararfleifið Þórðar Þorlákssonar“, *Menntun og menning í Skálholtsstifti 1620–1730*. Ritstj. Kristinn Ólason (Reykjavík: Grettisakademían 2010), bls. 11–21, hér bls. 14), ekki er þó líklegt að það sé sá sami symphon og von Troil heyrði um 75 árum eftir andlát Þórðar.

51 Charles Burney, *General History of Music from the Earliest Ages to the Present Period*, vol. 3 (London: the author 1789), bls. 40–41. Burney telur að eftir siðbreytinguna hafi almenningi á Íslandi verið bannað að leika á hljóðfæri.

Þegar líður á 18. öldina og kemur fram á þá 19. fjölgar mjög ferðum útlendinga hingað til lands⁵² og nokkrum sinnum minnst þeir á hljóðfæri í ferðabókum sínum. Langoftast eru það langspil sem nefnd eru.⁵³ John Thomas Stanley (1766–1850), sem seinna varð barón af Alderley, kom til landsins árið 1789 ásamt fylgdarmönnum. Einn þeirra, John Baine, skrifar í dagbók sína við 28. ágúst:

When Mr. Stanley came on board, he shewed us an Icelandic Instrument of music called Langspiel. It is a frustrum of rectangular pyramid 5½ in by 3 and 1 sq. at the top. height 39 in with 6 Strings of thick brass wire the longest about 37 inches and the shortest 12½ inches with stops like those of the Guitar — The strings come over a Moulding at the base of the pyramid and are played upon by a clumsy bow — Mr. Stanley played upon it but nothing is more grating to the ear than the sounds it produced. It is, it seems, a very Ancient instrument, introduced here perhaps by the first Norwegian Colonists.⁵⁴

Þarna er aftur komið til sögunnar sex strengja hljóðfæri en langspilin gátu haft allt frá einum streng upp í sex.⁵⁵ Ótal heimildir er að finna um langspil á 19. öld. Þær virðast benda til þess að notkun hljóðfærisins hafi farið minnkandi eftir því sem leið á öldina en það hafi verið tekið aftur í notkun um það bil sem nýju sálmalögin voru að taka við af eldri söngstífl í kirkjum landsins, með tilkomu kirkjuorgela.⁵⁶ Árið 1855 gaf Ari Sæmundsen út *Leiðarvísi til að spila á lang-*

52 Sjá t.d. Gary Aho, „Með Ísland á heilanum“, Íslandsbækur breskra ferðalanga 1772 til 1897“, *Skírnir* 167 (vor 1993), bls. 205–258.

53 Fleiri ferðalangar en sir Joseph Banks höfðu langspil með sér heim til sín, sjá t.d. Rósa Þorsteinsdóttir, „Leitin að langspilunum“, *Svanafjaðrir skornar Svanhildi Maríu Gunnarsdóttur fimmtugri 2. júlí 2015*. Ritsstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson, Margrét Eggertsdóttir og Soffía Guðný Guðmundsdóttir (Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen 2015), bls. 32–34.

54 John F. West: *The Journals of the Stanley Expedition to the Faroe Islands and Iceland in 1789* III (Tórshavn: Føroya Fróðskaparfélag, 1970–1976), bls. 189.

55 David G. Woods, „Íslenska langspilið. Saga þess, smíði og notagildi til náms og kennslu“ (þýð. Njáll Sigurðsson), *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 90 (1993), bls. 109–128.

56 Smári Ólason, „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 377–378 og 379. Fyrsta orgelið kom í Dómkirkjuna í Reykjavík 1840 og Pétur Guðjohnsen var ráðinn organisti (áður hafði Magnús Stephensen átt orgel sem leikið var á í kirkjum á þeim stöðum þar sem hann bjó, síðast í Viðey, en það orgel var selt úr landi eftir lát Magnúsar 1833). Sjá Þórir Stephensen, *Dómkirkjan í Reykjavík I Byggingarsagan* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Dómkirkjan í Reykjavík [1996]), bls. 127–129.

*spil og til að læra sálmalög eftir nótum*⁵⁷ og tileinkaði Péttri Guðjohnsen dómorganista bókina. Smári Ólason telur að með útkomu bókarinnar hafi langspilin „öðlast nýjan sess“.⁵⁸ Aftur á móti varaði Pétur Guðjohnsen fólk við að nota langspil til að læra lög þar sem „það hefir, að því er mér er kunnugt, að eins einn tónstiga, nl. dúr-tónstigan“.⁵⁹ Vissulega voru eldri langspil „díatónísk“ en það eru þau hljóðfæri sem takmarkast við tónstiga með sjö tónum þar sem tvö tónbilin eru stutt. Langspilin hafa þá, hvert og eitt, verið stillt í ákveðna tóntegund (ekki endilega í dúr heldur getur það verið hvaða ‘misstíg’ tóntegund sem er, t.d. ein af svokölluðum kirkjutóntegundum).⁶⁰ Þetta sýnir að Pétur hefur ekki kynnt sér bók Ara vandlega og líklega hefur hann ekki haft mikla þekkingu á langspilum, því heimildir eru fyrir því að fólk hafi notað bók Ara til leiðbeiningar við að gera eldri „díatónísk“ langspil „krómátísk“.⁶¹ Eitt besta dæmið er líklega Finnur á Kjörseyri sem segir:

Ég fékk mér gamlan langspilsgarm með heilnótum og reyndi að ná lögum á það eftir bók Péturs Guðjohnsen, einródduðu frá 1861. Það gekk hálf stirt. Svo hittist á, að ég sá hjá Jóni bónda Lyðssyni í Hrafnadal „Leiðarvísi að spila á langspil“ eftir Ara Sæmundsen. ... Þegar ég var búinn að fá leiðarvísinn, opnaðist fyrir mér nýr heimur. Ég setti hálf-nótur á langspilsgarminn eftir leiðarvísinum, og eftir það gat ég náð hverju lagi í bók Guðjohnsens og lærði flest lög in henni.⁶²

57 Ari Sæmundsen, *Leiðarvísir til að spila á langspil og til að læra sálmalög eptir nótum, og nótur með bókstöfum til allra sálmalaga, sem eru í messusöngbók vorri, og þarðauki til nokkurra fleiri sálmalaga, handa unglíngum og viðvaníngum* (Akureyri: [s.n.] 1855).

58 Smári Ólason, „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 377.

59 Pétur Guðjohnsen, *Íslenzka sálmasaungs- og messubók með nótum* (Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag 1861), bls. 12.

60 Þau hljóðfæri sem hægt er að spila á í hvaða tóntegund sem er eru kölluð ‘krómátísk’, en krómátískur (‘smástígur’) tónstigi inniheldur 12 tóna og eru lítil tónbil á milli þeirra allra. Sjá t.d. Jón Þórarínsson, *Stafróf tónfræðinnar. Kennslubók — handbók* (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1962), bls. 44.

61 Eins og Smári Ólason („Organ, trómet og harpan söng“, bls. 378) bendir á gefur teikningin af gripbrettinu í bók Ara „ekki réttan krómátískan tónstiga“ en skrifuðu leiðbeiningarnar gera það aftur á móti og hafa menn væntanlega farið eftir þeim.

62 Finnur Jónsson, *Þjóðhættir og ævisögur frá 19. öld. Minnisblöð Finns á Kjörseyri* (Akureyri: Bókaútgáfa Pálma H. Jónssonar 1945), bls. 27, sjá einnig bls. 375–376.

Það virðist því ljóst að um miðja 19. öld hafi orðið breyting á tónlistarhefð hér á landi og að hið díatóníska hljóðfæri hafi fallið betur að þeim hljómhæmi sem var ríkjandi fyrir þann tíma.

Magnús Stephensen

Segja má að litið hafi verið á Magnús Stephensen (1762–1833) sem persónugerving upplýsingarstefnunnar hér á landi enda gekk „enginn Íslendingur ... fram fyrir skjöldu sem boðberi stefnunnar til jafns við hann“ og „sá upplýsingarleiðtogi mun vandfundinn, sem persónulega mótaði framvindu stefnunnar í heimalandi sínu á flestum sviðum jafnmikið og hann.“⁶³ Sú var einnig myndin sem samtímamenn höfðu af Magnúsi, Jón Espólín kallaði hann „upplýsingarforsprakka“.⁶⁴ Magnús var fjölfræðingur sem lét sér fátt mannlegt óviðkomandi og skrifaði um ótrúlega fjölbreytt efni.⁶⁵ Hann hafði ekki mikið álit á tónlistariðkun Íslendinga og lætur það í ljósi í ýmsum skrifum sínum. „...Vor fánýti saungur þeckir engann takt, án hvørs góð hliód verda óhliód og dírdlegir lofsaungvar greniast fram,“⁶⁶ segir hann í *Vinagleði* og í *Messusöngs-* og *sálmabókinni*, sem hann gaf út 1801, lýsir hann kirkjusöngnum þannig að „hvórr gauli í belg og kjeppist máta- og adgreiningar-laust, sumir ad grípa hvórr fram fyrir annann og öndina á lopti, ... og sumir ad draga seyminn í saung, hvórr öðrum lengur.“⁶⁷ Magnús skrifaði einnig

- 63 Ingi Sigurðsson, „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi“, *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstj. Ingi Sigurðsson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1990), bls. 9–42, hér bls. 32 og 38.
- 64 Jón Espólín, „Formáli“, *Kennslu-bók í Sagnafræðinni fyrir viðvænþinga samansett af Próf. Galletti í Gotha* (Leirárgörðum við Leirá: Íslands konunglega Uppfræðingar Stiptun 1804) bls. 3–6, hér bls. 4.
- 65 Sjá Ingi Sigurðsson: *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1996).
- 66 Magnús Stephensen, „Til lesaranna“, *Skemmtileg vinagleði 1* (1797), bls. v–xii, hér bls. xi.
- 67 *Evangelísk-kristileg Messu-saungs- og Sálmabók ad konúnglegri tilhlutun samantekin til almennilegrar brúkanar í Kirkjum og Heima-húsum* (Leirárgörðum við Leirá: Konunglega íslenska Lands Uppfræðingar Félagid 1801), bls. 282–283. Við lestur á lýsingum Magnúsar á kirkjusöng og öðrum slíkum neikvæðum lýsingum vaknar óneitanlega forvitni til að vita hvernig slíkur söngur hefur virkilega hljómað. Með því að lesa lýsingarnar vandlega og líta framhá neikvæðninni má sjá að verið er að tala um söng sem lifir eingöngu í munnlegri geymd. Sungið er einradda en ekki í takt, heldur leiðir forsöngvar-

um tónlist í bók sinni *Eftirmáli 18. aldar* og eftir að hafa enn farið ófögurum orðum um sönginn talar hann um hljóðfærin:

Þegar allar, jafnvel villi-þjódir, almennt brúka sem hljóðfæri: Trumbur og hljóðpípur, margir fíól, hörpur og ótal fleiri, hefi eg lengst af varla vitad af öðrum að segja, en þeim til sorgar-saungva hentugustu hljóðfærum, fidlu og lánspili, og þó ecki nema á sárfáum stöðum. Fáeinar hljóðpípur heyr dust einhvörntíma hjá mér, sín í hvörju horni mínu, og á síðustu árum þínum vidlíka mörög clavier, en vid nockrar hafnir mínar og kaupstadi loks góðum mun fleiri fíól, ...⁶⁸

Tveimur árum seinna kom bókin út á dönsku og þar er þessi sama klausa um hljóðfæri. Neðanmáls hefur hins vegar verið bætt við að von Troil hafi lýst bæði langspili og fiðlu, en síðan skrifar Magnús:

Fidla, som jævnligst bestaaer ikkun af en, over en langagtig Resonans eller huul Kasse Træ udspændt, grov Stræng af spundet og tvundet Hestehaar, hvorpaa der gnides med en endnu grovere Bue, er især utaalelig.⁶⁹

Það er þó á heimili Magnúsar sem erlendir ferðamenn kynnast helst langspili og leik á það og fá greinilega þær upplýsingar að fjölskylda hans sé best í meðferð þess.⁷⁰ Einnig kemur fram í endurminningum Benedikts Gröndal að móðir hans hafi tekið það að leika á langspil „eftir Stephensens fólkí.“⁷¹

Í þeim bókum sem fjalla um upplýsinguna og Magnús Stephensen er lítið sem ekkert minnst á viðhorf hans til tónlistar og hljóð-

inn og minnir söfnuðinn bæði á textann og lagið og hver og einn fylgir honum á sínum eigin hraða. Dæmi um þannig söng má heyra í hljóðritum bæði á fær-
eyskum kirkjusöng (t.d. á *Allfagurt ljóðar mín tunga. Táttur, vísa, kirkjusangur, kvæði, skjaldur* (Tórshavn: Føroya Skúlabókagrunnur 1995)) og gelískum sálma-
söng frá Sudureyjum (t.d. á *Gaelic Psalms from Lewis*. School of Scottish Studies:
University of Edinburgh: Scottish Tradition 6 (Cockenzie: Greentrax Record-
ings 1994)).

68 Magnús Stephensen, *Eftirmæli Atjándu Aldar ...* (Leirárgördum vid Leirá: Islands opinbera Vísinda-Stíptun 1806), bls. 780–781.

69 Magnús Stephensen, *Island i det attende Aarhundrede, historisk-politisk skildret* (Kaupmannahöfn: Gyldendal 1808), bls. 227.

70 William Jackson Hooker, *Journal of a Tour in Iceland in the summer of 1809* (Yarmouth: J. Keymer 1811), bls. 229–230. Sjá einnig George Steuart Mackenzie, *Travels in the Island of Iceland during the Summer of the Year MDCCCX* (Edinburgh: A. Constable & Co. 1811), bls. 144–146.

71 Benedikt Gröndal, *Dægradvöl*, bls. 58.

færa. Skoðanir hans á öðrum viðfangsefnum, t.d. framförum og uppfraeðslu almennings, falla óneitanlega að þeim viðhorfum eins og sést hér að framan. Margir telja að sú hugmyndafræði upplýsingarinnar sem Magnús bar á borð hafi fallið í grýttan jarðveg meðal Íslendinga og hafi „gleikkað bil milli hugarheims lærdra manna og alþýðu“;⁷² en ljóst er að stefnan hafði býsna mikil áhrif á menntamenn og embættismenn og áhrifa hennar gætti langt fram eftir 19. öld.⁷³ Hallgrímur Helgason bendir einmitt á að þegar Pétur Guðjohnsen vari við langspilinu og láti í ljós skoðanir sínar á sönglist Íslendinga þræði hann „kjölfar Magnúsar“ Stephensens.⁷⁴

Sóknalýsingar

Árið 1839 sendi deild Hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn boðsbréf til presta á Íslandi og bað þá um að semja lýsingu á sóknnum sínum, bæði náttúrufari, landslagi og mannlífi.⁷⁵ Með bréfinu fylgdu 70 spurningar og laut spurning númer 57 að hljóðfærum og söng. Flest svörin eru samin á árunum 1839–1843 eða skömmu eftir það, en nokkrar lýsingar eru til frá árunum 1872–1875 og úr örfáum sóknnum eru til tvær skýrslur, stundum samdar með fárra ára millibili.⁷⁶

72 Loftur Guttormsson, „Fræðslumál“, *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*, bls. 149–182, hér bls. 178. Sjá einnig Ingi Sigurðsson, „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi“, bls. 27, og Hjalti Hugason, „Guðfræði og trúarlíf“, *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*, bls. 119–148, hér bls. 145–146.

73 Sjá t.d. Helga K. Gunnarsdóttir, „Bókmenntir“, *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*, bls. 216–243.

74 Hallgrímur Helgason, *Íslands lag. Þættir sex tónmenntafrömuða* (Reykjavík: Leiftur 1973), bls. 16.

75 Loftur Guttormsson, „Jónas Hallgrímsson og Íslandslýsing Bókmenntafélagsins: Áform og aðdrættir“, *Hrafnaping* 4 (2007), bls. 17–30.

76 *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*. I *Húnavatns-sýsla*. Útg. Jón Eypórssón. Safn til landfræðisögu Íslands (Akureyri: Norðri 1950), bls. vii–xvi. Flestar sýslu- og sóknalýsingarnar hafa nú verið gefnar út (1937–2007) og þær útgáfur eru notaðar við þessa athugun. Dæmi eru þó um að ef svör eru til bæði frá um 1840 og um 1870 sé eingöngu eldra svárið prentað, sjá t.d. *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1844* (Reykjavík: Gott mál 1994), bls. 6–7. Í stað þess að vísa til hvernar útgáfu fyrir sig verður hér á eftir aðeins vitnað til sóknar, ártals skýrslunnar og sýslu.

Útgefnar sóknalýsingar eru alls 192, þar af 12 eftir 1870 og 25 ótímasettar. Í 48 skýrslum af þessum 192 er spurningu 57 ekki svarað með afgerandi hætti, þannig að eftir standa 144 sóknalýsingar þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um hljóðfæri á Íslandi um miðja 19. öld. Eftirfarandi tafla sýnir, eftir tíma, í hve mörgum svörum eru nefnd ákveðin hljóðfæri og hver þau eru.

Hljóðfæri	1839–70	1870–75	Ótímás.	Samtals
Fiðla	6	0	0	6
Fíól	4	2	2	8
Flauta	4	1	1	6
Harmoníka	0	4	1	5
Langspil	56	3	6	65

Í 16 skýrslum (þar af þremur eftir 1870 og einni ótímasettri) er minnst á hljóðfæri án þess að tilgreint sé hver þau eru en þau svör gefa þó alltaf til kynna að ekki séu þau algeng. Sem dæmi má taka svör eins og: „Á hljóðfæri leika hér fáir“⁷⁷ eða „engin hljóðfæri ... sem vert er um að skrifa.“⁷⁸ Í öðrum tilfellum er tónninn örlítið jákvæðari, svo sem: „Fáeinir leika á hljóðfæri“⁷⁹ eða jafnvel „nokkrir tíðka hljóðfæraslött“.⁸⁰ Í 59 skýrslum er spurningunni um hljóðfæri svarað neitandi, í heldur færri tilfellum en langspil er nefnt. En skýrslurnar geyma meira en tölfræðina því í svörum prestanna má einnig lesa viðhorf þeirra til hljóðfæra og jafnvel hvað telst vera hljóðfæri og hvað ekki. Hér eru dæmi um svör víðsvegar að:

Hljóðfæri eru hér ekki leikin, en fáeinir kunna hér á langspil.⁸¹
 Viðlíka margir [tveir eða þrír] arga á langspil eða fiðlu.⁸²
 Hljóðfæri eru engin hér leikin. Vita einir tveir menn að slá langspil.⁸³
 ... ekki hefi eg orðið var við hljóðfæri, en einstakir kunna þó að spila algeng sálmalög og kvæðalög, helst á langspil.⁸⁴
 Á langspil leika hér ýmsir, en ófagur er hljómur á ...⁸⁵

77 Staðastaðarsókn 1839 (Snæf.).

78 Bjarnanes- og Hoffellssóknir 1840 (A-Skaft.).

79 Ögurþing og Eyrarsókn 1854 (N-Ís.).

80 Kolfreyjustaðarsókn 1872 (S-Múl.).

81 Stóradalssókn 1840 (Rang.).

82 Hraungerðis- og Laugardælasóknir 1841 (Árn.).

83 Miklaholt- og Rauðamelssóknir 1845 (Hnapp.).

84 Goðdala- og Ábæjarprestakall 1840 (Skag.).

85 Hofssókn 1840 (N-Múl.).

Á hljóðfæri kann hér enginn so ég viti, því þótt einhvörjir beri við að urra eitthvað á langspil er það kunnáttulaust ...⁸⁶

Fleiri dæmi um svipuð viðhorf mætti nefna og má af þeim ráða að þó að langspil og fiðla séu nefnd teljist þau varla til hljóðfæra.⁸⁷ Sóknalýsingarnar hafa jafnan verið taldar merkilegar heimildir um sögu, mannlíf, örnefni, náttúru og fleira. Þegar kemur að heimildum um hljóðfæraeign og -notkun Íslendinga virðast þær þó gefa meiri vitneskju um viðhorf prestanna sem skrifa þær en raunverulega iðkun. Þetta staðfestist enn frekar þegar titið er til annarra heimilda frá sama tíma.

Í ævisögu sinni segir Benedikt Gröndal (1826–1907) frá langspilsleik móður sinnar og nefnir að langspil hafi verið „alltið hér á landi“ skömmu fyrir miðja 19. öld.⁸⁸ Þá nefnir hann að faðir hans hafi leikið á flautu.⁸⁹ Benedikt segir einnig frá Páli Bjarnasyni, bónda í Haukshúsum, sem spilaði á fíólín og nafna hans, Páli Arnasyni, sem spilaði á klarínnett og kom stundum með það á bernskuheimili Benedikts og spilaði sálmalög.⁹⁰ Samkvæmt manntölum eiga þeir báðir heima í Garðasókn árið 1840 og ef til vill á séra Árni Helgason (1777–1869) í Görðum við þá nafna þegar hann segir í sóknarlýsingu sinni árið 1842: „Einn bóndi kann hér lítið eitt á fíólín, annar á fiðlu, nokkrir á langspil.“ Vitað er að Páll Arnason átti fiðlu og verður fjallað nánar um það hér á eftir.

86 Hólmasókn 1843 (S-Múl.).

87 Svör þar sem jákvætt eða hlutlaust viðhorf kemur fram eru áberandi færri. Greinarhöfundur hefur dottið í hug að þeir sem svöruðu hafi e.t.v. talið að verið væri að spyrja hvort hljóðfæri (pípu- eða stofuorgel) væri í kirkjunum, en hvort heldur er vekja svör af þessu tagi hugrenningar um hvernig hafi verið ástatt um hljóðfæraeign í þeim sóknum þar sem svarið er einfaldlega nei.

88 Benedikt Gröndal, *Dægurvöl*, bls. 58.

89 Sama rit, bls. 77; sjá einnig Jón Arnason, „Ævisaga Sveinbjarnar Egilssonar“, *Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar*, 2. útg. Snorri Hjartarson gaf út (Reykjavík: Mál og menning 1952), bls. 1–46, hér bls. 41.

90 Benedikt Gröndal, *Dægurvöl*, bls. 78. Benedikt hefur klarínnett innan gæsalappa og hefur það orðið til þess að sumir telja að hann hafi meint eitthvað annað en alvöru klarínnett. Hafa verður í huga að þegar Benedikt skrifaði endurminningar sínar hafði hann dvalið langdvölum erlendis og án efa vitað hvernig klarínnett leit út og líklega gert frekari grein fyrir hljóðfærinu hefði það verið eitthvað annað. Í skrifum Benedikts kemur fram að Páll Arnason hafi verið dverghagur og hann lýsir ýmsum flóknum smíðisgriðum Páls. Fleiri heimildir styðja þetta (t.d. er hann kallaður „þjóðhagasmíður“ í Íslendingabók) þannig að ekki er útilokað að hann hafi tekið sér fyrir hendur að smíða klarínnett.

Séra Björn Halldórsson (1774–1841), sóknarprestur í Garði í Kelduhverfi, svaraði spurningu 57 á þessa leið 1839: „Varla er þess getandi að hljóðfæri séu leikin hér í sveit. Þó er hér til bæði langspil og fiðla, og tveimur ungum mönnum einkum lagið að leika á þessi hljóðfæri.“ Annar þessara ungu manna hlýtur að vera Sveinn Þórarinsson sem fæddist í Kílakoti í Kelduhverfi 17. mars 1821.⁹¹

Fyrsta harmoníkan?

Sveinn Þórarinsson hélt dagbækur frá ársbyrjun 1836 svo að segja til æviloka, en hann lést 16. júlí 1869 og er seinasta færsla dagbókanna frá 29. júní.⁹² Í dagbókunum segir hann m.a. frá tónlistariðkun sinni. Þar sést að á meðan hann átti enn heima í Kelduhverfi hefur hann stundum verið á prestssetrinu í Garði með hljóðfæri, svo sem 10. apríl 1837 þegar Sveinn skrifar: „Eg fór uppí Garð aptur og hafði með mér fiðlu og langspil og var þar komandi viku.“⁹³ Björn Halldórsson, sá prestur sem svaraði spurningaskránni 1839, „hélt uppi fræðslustarfi á heimili sínu þar sem hann veitti mörgum drengjum skólatil sögn“ en frá 1834 til 1839 var aðstoðarprestur hans Hóseas Árnason (1806–1861) og varð hann þá einn helsti kennari Sveins.⁹⁴ Það var þó hvorki Hóseas né Björn sem spilaði á flautu fyrir Svein þann 1. desember 1841 þegar hann skrifar í dagbókina: „Fór eg um dagin uppáð Garði með smávegis og hafði með mér fiðlu mína. Skaut 2 rjúpur á leiðinni. Eg var í Garði um nottina og sló fiðlu um kvöldið. Presturinn spilaði fyrir mig á flautu“.⁹⁵ Magnús Jónsson (1809–1889) var þá orðinn prestur í Garði og daginn eftir lánaði hann Sveini flautuna og „danskst sögukver“.⁹⁶ Nokkrum dögum

91 Um Svein, sjá Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson Nonni* (Reykjavík: Opna 2012), bls. 22–34.

92 Þær hafa þó ekki varðveist alveg allar, sjá sama rit, bls. 18.

93 *Lbs. ÍB* 859 8vo Dagbók Sveins Þórarinssonar 1836–40, 10. apríl 1837.

94 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson*, bls. 23.

95 *Lbs. ÍB* 680 8vo Dagbækur Sveins amtsskrifara Þórarinssonar 1841–43 og 1846–69, sex bindi, I 1. desember 1841.

96 Sama heimild, 2. desember 1841. Sá sami séra Magnús Jónsson skrifaði lýsingu Grímseyjarsóknar 1839 og svaraði sp. 57 svo: „Hljóðfæri þekkjá menn hér ekki nema það algenga langspil og hafa líklegast lítið skynbragð á þeim. Nótta-söngur vita þeir ekki hvað er.“ Hann nefnir sem sagt ekki flautuna! Um tónlistariðkun Magnúsar sjá t.d. Sveinn Skorri Höskuldsson, *Benedikt á Auðnum. Íslenskur endurreisnarmaður* (Reykjavík: Mál og menning 1993), bls. 509–510.

seinna hefur hann lesið „danska kverið prestsins“ en bætir við: „en lítið get eg á flautuna spilað“.⁹⁷

Ljóst er að Sveinn hefur verið mikill áhugamaður og e.t.v. ekki dæmigerður iðkandi tónlistar, en dagbækur hans bera þó vitni um að hann hafi ekki verið einn á báti í þessum efnum.⁹⁸ Merkilegast er þó líklegast hve snemma Sveinn eignaðist og lék á harmoniku. Það var 5. júní 1842 sem hann sá fyrst og skoðaði hljóðfæri sem hann kallar „acort“ hjá faktor Johnsen á Húsavík. Þann 10. júlí fer Sveinn aftur til Húsavíkur, kaupir þá „acortuna“ af Johnsen fyrir tvo ríkisdali og viku seinna segist hann ekki hafa farið til messu en notað tímann m.a. til að: „toga hljóð úr acortu minni.“⁹⁹ Eins og áður kom fram er aldrei minnst á harmoniku í sóknarlýsingum sem skrifaðar eru um 1840. Lýsing Svalbarðssóknar, sem ekki er skrifuð af sóknarprestinum þar heldur Valdimar Ásmundarsyni (1852–1902), er ódagsett en hann segir um tónlistariðkun í sókninni:

Nokkrir menn kunna hér söng. Þeir hafa allir lært hann með hljóðfæra-
styrk, einkum langspilsins, og munu því eigi vera svo sterkir í raddstigi-
unum að þeir geti lært lög af nótunum einum. Annars vinna ungu
prestarnir vel og rækilega að útbreiðslu þessarar fögru íþróttar. Örfáir
leika hér á hljóðfæri (6). Þó er hér leikið á langspil, harmóniku og
fíól.¹⁰⁰

Valdimar Ásmundarson var við nám hjá séra Gunnari Jóhanni Gunnarssyni (1839–1873) um nokkurra vikna skeið.¹⁰¹ Gunnar þjónaði Svalbarði 1869–1873¹⁰² svo á því tímabili hefur lýsingin verið skrifuð. Hin svörin þar sem harmoniku er getið eru frá árunum 1873–1875 og koma víða að af landinu.¹⁰³ Áður hefur verið talið að

97 Lbs. ÍB 680 8vo I, 12. desember 1841.

98 Benda má á að Sveinn stundaði ýmislegt sem spurt er um í spurningalista Bókmenntafélagsins en séra Björn Halldórsson gerir lítið úr að stundað sé í sókninni, þar á meðal kálgarðarækt, íþróttir og tónlist, sjá Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson*, bls. 24.

99 Lbs. ÍB 680 8vo I, 5. júní 1842, 10. júlí 1842 og 17. júlí 1842; sjá einnig Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson*, bls. 25.

100 Svalbarðssókn (N-Þing.).

101 *Þingeyjarsýslur*, bls. 320.

102 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 II*. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1949), bls. 202.

103 Borgar- og Álftanessóknir (Mýr.), Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir (Snæf.), Hofteigsprestakall (N-Múl.) og Hallormsstaða- og Þingmúlasókn (S-Múl.).

Þetta séu með fyrstu harmonikum á landinu, en vitað var um eina í Borgarfirði syðra 1866.¹⁰⁴ Það er þó ljóst að um og upp úr 1860 eru harmonikur orðnar býsna algengar og spilað á þær af körlum, konum og börnum. Sem dæmi má nefna Runólf Runólfsson (1835–1869), ungan bónda í Krýsuvík sem hafði flutt þangað austan úr Skaftafellssýslu. Árið 1860 er hann á ferð austur og er sagt að í áningarstað „þegar hann er búinn að borða, fer hann að spila á harmoniku, sem hann var með.“¹⁰⁵ Ennfremur segir í bréfi Hildar Johnsen (1807–1891), frá 24. ágúst 1863, til Guðnýjar Halldórsdóttur (1845–1936), sem seinna varð eiginkona Benedikts á Auðnum: „Kristrún segir þú kunnir á harmoniku dálítið“¹⁰⁶ og það sama ár segir Sveinn Þórarinsson í dagbók sinni frá því að börn hans tvö, Björg og Jón, hafi farið út að Lóni og haft með sér harmonikur sínar.¹⁰⁷

Það var árið 1829 sem Austurríkismaðurinn Cyril Demian (1772–1847) skráði einkaleyfi á hljóðfærinu „accordion“, en næsti forveri þess var hið sjö árum eldra þýska hljóðfæri „Handaeoline“.¹⁰⁸ Af nafninu má draga þá ályktun að hljóðfæri Sveins Þórarinssonar hafi verið af austurrískum uppruna þó að hann kalli það „dansk“.¹⁰⁹ Í fyrstu kallar Sveinn hljóðfærið alltaf „acortu“ en þegar komið er fram á árið 1846 nefnir hann það „harmoniku“.¹¹⁰ Elstu harmonikurnar eru díatónísk hljóðfæri þar sem tónninn breytist eftir því hvort belgurinn er dreginn í sundur eða ýtt saman, og þannig hafa fyrstu harmonikurnar hér á landi verið.¹¹¹ Það var ekki fyrr en eftir

104 Hallgrímur Helgason, „harmónika“, *Tónmenntir a–k*. Alfræði Menningarsjóðs (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins 1977). Heimildin fyrir harmoniku í Borgarfirði 1866 er Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar I* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1944), bls. 155–156.

105 *Gráskinna III*. Útg. Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson (Akureyri: Bókaverzlun Þorsteins M. Jónssonar 1931), bls. 57.

106 Sveinn Skorri Höskuldsson, *Benedikt á Auðnum*, bls. 39; sjá einnig bls. 515 og 518–519.

107 *Lbs. ÍB 680 8vo*, VI 3. nóvember 1863.

108 *Vef. Helmi Strahl Harrington og Gerhard Kubik, „Accordion“, Grove Music Online. Oxford Music Online. Oxford University Press, sótt 14. júní 2016. <http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/46180>.*

109 *Lbs. ÍB 680 8vo I 5*. júní 1842.

110 Dagbækur Sveins frá 18. mars 1843 til 11. júlí 1846 eru ekki varðveittar, sjá Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson*, bls. 18

111 Þannig eru langflestar takkaharmonikur enn þann dag í dag, sjá Helmi Strahl Harrington og Gerhard Kubik, „Accordion“.

1855 sem farið var að framleiða krómátískar píanóharmonikur eins og þær sem þekktastar eru nú á tímum.

Sveinn Þórarinnsson, sem lék á langspil, íslenska fiðlu og harmóniku frá unglingsárum og reyndi sig einnig við flautu, lærði og spilaði á hljóðfæri án þess að hafa nokkrar nótur. Það var ekki fyrr en veturinn 1850–51 sem hann byrjaði að kynna sér nótur og veturinn eftir sem Ari Sæmundsen fór að segja honum til um nótur og takt.¹¹² Hið sama má áreiðanlega segja um langflest þau sem spiluðu fyrst á harmoniku hér og fleiri hljóðfæri; þau hafa eingöngu spilað eftir eyranu og ekki lært að þekkja nótur. Benedikt á Auðnum segir að hér hafi gengið mikill fjöldi af lögum, í munnlegri geymd, sem fólk lærði, söng og spilaði án nokkurs stuðnings bóka: „Þessi lög voru kölluð hér „vilt lög“ til aðgreiningar frá þeim, sem menn þekktu áreiðanlegar nótur yfir.“ Hann talar síðan um að menn hafi farið að eignast önnur hljóðfæri en langspil:

Eftir 1860 fjölgaði hér mjög fiðlum og flautum, varð ég einna fyrstur til að útvega þau hljóðfæri og um leið erlendar nótnabækur ... En nú komust „viltu lög“ í fyrirlitningu og gleymsku og hurfu alveg fyrir Bellman og danslögum Lumbye's o.fl. sem þá streymdi hér inn og gagntók menn. Þrátt fyrir ummæli Péturs Guðjohnsen reyndi ég að halda uppi heiðri langspilsins sem þjóðlegu hljóðfæri, við fundum upp nýtt lag á það með öskju líkt og á Gítar. Eg las eðlisfræði Fichers [!] og útlendar bækur um hljóðfæri og fékk réttan skilning á strengnum og sveiflum hans. Fundum við Sigtr. á Hallbjarnarst. út óbrigðula reglu fyrir rétttri nótusetning langspils og mældum út einskonar stiku til að nótusetja eftir, sem ég á enn í dag, en alt var til einskis, sem máské hefir einu gilt, og langspilið datt úr sögunni og með því „viltu lögin“. Samt held ég að ekkert geti fljótar komið barni í skilning um raddstiga og tónbil en hinn sýnilegi og áþreifanlegi stigi á langspilinu, sem við settum alla hálfónana á.¹¹³

112 *Lbs. ÍB* 680 8vo, III, 10. nóvember 1850, 5. janúar 1851, 1. apríl 1852 og 4. apríl 1852.

113 *SÁM* 120. Þjóðlagasafn Bjarna Þorsteinssonar, „Athugasemdir við lögin frá Benedikt á Auðnum“ [með bréfi dags. 21. nóvember 1898]. Sjá einnig Sveinn Skorri Höskuldsson, *Benedikt á Auðnum*, bls. 514, 515 og 522; Kristján Eldjárn, *Arngrímur málarí* (Reykjavík: Iðunn 1983), bls. 68–69; Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*, bls. 593–595. Á dönsku hefur það að spila eftir eyranu verið kallað 'vildspil', sjá Anders Chr. N. Christensen, *Vildspil og nodespil. Traditionel spillemandsmusik i Danmark — indspilninger fra Dansk Folkemindesamling 1909–2009* (Kaupmannahöfn: Kragen 2011), bls. 15.

Ef til vill er það nótnaleysið sem að einhverju leyti ræður viðhorfi prestanna sem rituðu sóknalýsingarnar, a.m.k. þegar þeir vísa til kunnáttuleysis þeirra sem spila á langspil og fiðlu.

Aftur að íslensku fiðlunni

Þegar Sveinn Þórarinsson fór að læra nótur var hann orðinn skrifari amtmannsins á Möðruvöllum í Hörgárdal og þar teiknaði Sigurður málarí árið 1856 mynd af íslenskri fiðlu sem vel gæti verið fiðla Sveins.¹¹⁴ Í raun og veru eru þessi teikning, fiðla sem smíðuð var fyrir séra Bjarna Þorsteinsson og gefin var Þjóðminjasafni Íslands 1888 og teikning Jakobs Sigurðssonar einu áþreifanlegu heimildirnar um hvernig íslenskar fiðlur litu út.

Bjarni Þorsteinsson leitaði ekki eingöngu eftir þjóðlögum í söfnun sinni heldur bað hann einnig um upplýsingar um íslenska fiðlu. Fátt varð um svör nema í einni sveit, einmitt sveit Sveins Þórarinssonar, Kelduhverfi. Bjarni segir:

Engin gömul fiðla var að vísu þar til svo menn vissu, en þar voru til menn, sem höfðu sjö fiðlur, sem höfðu heyrt spilað á fiðlu, sem höfðu sjálfir spilað á fiðlu, og sem treystu sjer til að smíða fiðlu, sem algjörlega líktist þeim fiðlum, er þeir höfðu sjö á æskuárum sínum.¹¹⁵

Það varð úr að Stefán Erlendsson (1854–1908), trésmiður í Ólafsgarði, smíðaði fiðlu fyrir Bjarna árið 1905.¹¹⁶ Hann sagði Bjarna, og hafði eftir gamalli konu, að þrjár fiðluleikarar hefðu verið helstir í Kelduhverfi og er einn þeirra einmitt Sveinn Þórarinsson, en hina tvo nafngreindi Stefán ekki. Af þeim lærði Sveinn Grímsson á Víkingavatni, sem Stefán smíður hafði heyrð spila á árabilinu 1865 til 1870.¹¹⁷ Þessi

114 Ekki er þó minnst á heimsókn Sigurðar að Möðruvöllum í dagbók Sveins frá árinu 1856, en raunar er mjög lítið skrifað í hana frá 1. maí og út það ár. Sjá Matthías Þórðarson, „Íslensk fiðla“, 2. mynd og bls. 6–7.

115 Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*, bls. 69.

116 Faðir Stefáns, Erlendur Gottskálksson, er oft nefndur í dagbókum Sveins Þórarinssonar og hægt er að hlusta á dóttur Stefáns segja frá föður sínum, fiðlunni og langspilunum, sem hann smíðaði, á SÁM 85/182 EF [Viðtal Helgu Jóhannsdóttur við Sigríði Stefánsdóttur 9. ágúst 1969], sótt 23. júní 2016: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1020347>.

117 Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*, bls. 71.

fiðla er nú á Þjóðminjasafni Íslands og ber safnmarkið Þjms 8477 / 1922–22.¹¹⁸

Hin fiðlan á Þjóðminjasafni Íslands (Þjms 3188 / 1888–195) kemur úr Rangárvallasýslu og var reyndar í eigu Páls Árnasonar, þess sem Benedikt Gröndal kallaði Pál klarínnett, en það var systursonur Páls, Einar Jónsson (1819–1891) snikkari í Reykjavík, sem gaf safninu fiðluna árið 1888.¹¹⁹ Talið er að faðir Páls, Árni Egilsson (1755–1838), bóndi í Dufþaksholti á Rangárvöllum, hafi átt fiðluna og smíðað hana sjálfur.¹²⁰ Matthías Þórðarson lýsir þessari fiðlu nákvæmlega og ber hana saman við lýsingu séra Bjarna á fiðlunni sem smíðuð var fyrir hann og teikningu Sigurðar málara af fiðlunni á Möðruvöllum. Hann segir einnig frá fleiri fiðlum sem afkomendur Árna áttu og léku á.¹²¹ Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að fiðlurnar að norðan séu af eldri og upprunalegri gerð en fiðlan af Suðurlandi.¹²²

Þessi fiðlugerð, sem virðist mega kenna við Kelduhverfi, er að sumu leyti frábrugðin þeirri, er kenna mætti við Rangárvelli, fiðlu þeirri, sem er í Þjóðminjasafninu og fiðlu Sigurðar Árnasonar [sonarsonar Árna Egilssonar], eftir því sem henni hefur verið lýst. Einkum eru þær ólíkar að því, hversu strengdir eru strengirnir. En á því virðist naumast geta leikið nokkur vafi, að hið eldra og líklega upprunalega lag á þessu sje á Kelduhverfisfiðlunni. Hausinn á Rangárvallafiðlunni, með öllum sínum skrúfum eða lyklum, er sýnilega gerður eftir langspilshausnum og yngri en þeir, en fiðlan er vafalaust miklu eldri en langspilið.¹²³

118 Nákvæm lýsing á fiðlunni er í Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*, bls. 69–71.

119 „Einari Jónssyni var margt til lista lagt. Hann smíðaði m.a. fiðlur og langspil, einnig lék hann sjálfur á fiðlu og hafði lært þá list af sjálfum sér. Spilaði hann um alllangt skeið við dansleiki og var uppnefndur ‘spillemand’ uppá reykvísku þeirrar tíðar.“ Páll Línadal, *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi R–Ö (Reykjavík: Örn og Örlygur 1988), bls. 58–59. Benedikt Gröndal segir reyndar að Einar hafi eingöngu verið kallaður „spillemand“ af Hafnfirðingum en alltaf „Einar snikkari“ af Reykvíkingum, Benedikt Gröndal, *Ritsafni I* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1948), bls. 533.

120 Matthías Þórðarson, „Íslensk fiðla“, bls. 2 og 5.

121 Sama rit, bls. 3–7.

122 Matthías hefur eftir Ólafi Davíðssyni að í sóknalýsingu sé aðeins minnst á fiðlur í þremur sóknum, sem eru einmitt þær sóknir sem hinar varðveittu fiðlur koma úr auk Presthólasóknar, sem er ekki langt frá Kelduhverfi. Raunin er sú að þær eru einnig nefndar í Hraungerðis- og Laugardælasóknum (Árn.), Garðasókn (Gull.) (e.t.v. fiðla Páls Árnasonar) og Höfðasókn (S-Þing.).

123 Matthías Þórðarson, „Íslensk fiðla“, bls. 7.

Matthías túlkar texta Helga Sigurðssonar þannig að hann sé í raun að lýsa einhvers konar langspili¹²⁴ og telur að þróun hafi orðið í gerð fiðlanna, til dæmis varðandi strengjafjölda og botn. Hann telur að upphaflega hafi verið notaðir hrosshársstrengir og það að nota vírstrengi sé stæling eftir langspili og girnissstrengi eftir fíólíni.¹²⁵ Matthías virðist aldrei gera ráð fyrir því að hver hafi smíðað fiðlu með sínu lagi og nýtt það efni sem fáanlegt var, og að sjálfsögðu var honum ekki kunnugt um teikningu Jakobs Sigurðssonar (af Austfjörðum), frá 18. öld, af fiðlu sem einmitt er með haus eins og fiðlan af Rangárvöllum.

Önnur hljóðfæri

Eins og hér hefur komið fram eru í sóknarlýsingum aðeins nefnd tvö hljóðfæri auk íslenskrar fiðlu, langspils og harmoniku en það eru fíól og flauta. Fíól eru nefnd átta sinnum: um 1840 í Garðasókn (Gull.),¹²⁶ Akra- og Hjörtseyjarsóknum (Mýr.), Holtssókn (V-Ís.) og Húsavíkursókn (S-Þing.), um 1870 í Landeyjasókn (Rang.) og Hofteigssókn (N-Múl.) og síðan í Svalbarðssókn (N-Þing.)¹²⁷ og Flateyjarsókn (V-Barð.).¹²⁸ Flauturnar eru sex: í Kvíabekkjarsókn (Ey.) 1839, Kirkjubæjarklausturssókn (V-Skaft.) 1841, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknum (Snæf.) 1842, Stafholts- og Hjarðarholtssóknum (Mýr.) 1853, Flateyjarsókn (V-Barð.) 1839–60 og Hofteigssókn (N-Múl.) 1874.

Báðum þessum hljóðfærum hefur líklega fjölgað nokkuð og þau greinilega dreifst víðar um landið frá því að Magnús Stephensen sagði, um aldamótin 1800, að þau væru fáein og fíólín einskorðudust við hafnir og kaupstaði. Það vekur athygli að fíólín er til á Húsavík árið 1842 en viðtekin er sú skoðun að Jón Jónsson (1829–1866) frá Vogum í Mývatnssveit (Voga-Jón, mágur Sveins Þórarins-

124 Helgi var upprunninn af Vesturlandi, fæddur á Ísleifsstöðum á Mýrum, og lærði undir skóla að Staðastað (Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* II, bls. 344). Hann passar því ekki vel inn í hugmyndir um norðenska og sunnlenska hefð.

125 Sama heimild, bls. 7–11.

126 Áreiðanlega fíólín Páls Hannessonar í Haukshúsum.

127 Áðurnefnt svar Valdimars Ásmundssonar frá tímabilinu 1869–1873.

128 Séra Ólafur Sívertsen í Flatey skrifaði sóknarlýsinguna og þjónaði sókninni 1823–1860, sjá Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* IV, bls. 79–80.

sonar) hafi komið með það fyrsta í Þingeyjarsýslu árið 1851.¹²⁹ Ljóst er þó að koma Jóns frá Kaupmannahöfn með fiðluna, sem hann hafði lært að spila á af götuspilara, hefur haft mikil áhrif á tónlistarlíf á Norðurlandi og í kjölfarið hafa margir eignast fiðlur og flautur á seinni hluta 19. aldar.¹³⁰

Auk þeirra hljóðfæra sem hér hefur þegar verið fjallað um lætur Ólafur Davíðsson svo lítið að telja upp ýmislegt sem engum hefði dottið í hug að kalla hljóðfæri nokkru fyrr á öldinni. Hann nefnir munnhörpur, trélúðra (sem hann segist þó aldrei hafa séð), hárgreiður, hljóðpípur úr tvinnarúllum og jafnvel ýlustrá.¹³¹ Hann nefnir að talsvert sé um píanó í Reykjavík „og ef til vill í einstaka kaupstað, en víst að eins eitt upp til sveita á Íslandi.“¹³² Hann segir einnig frá fyrstu pípuorgelum og stofuorgelum (harmóníum) sem komu í kirkjur. Eins og raunin var um önnur hljóðfæri fóru menn fljótt að spreya sig á að smíða slík hljóðfæri.¹³³ Benedikt Gröndal er reyndar ekki ánægður með umfjöllun Ólafs um langspil og segir að hann tali um þau af lítilli kunnáttu, sérstaklega þegar hann segir að „langspil o. s. frv. [séu] valla hljóðfæri nema að nafninu.“¹³⁴ Benedikt segir það einnig misskilning að langspil sé alíslenskt hljóðfæri og bendir á skyldleika þess við hið norska langeleik.¹³⁵ Langspilið er þó ennþá skyldara hljóðfærum sem leikið var á í ýmsum öðrum löndum Norður-Evrópu og kallast *hummel* á fleiri en einu tungumáli.¹³⁶

129 Jón Jónsson, *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn. Sönn sjálfsævisaga nútíma Íslendinga* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1968), bls. 27; sjá einnig Kristján Eldjárn, *Arngrímur mállari*, bls. 70; Páll H. Jónsson, „Tónmannlíf í Suður-Þingeyjarsýslu á níttjándu og tuttugustu öld“, Garðar Jakobsson og Páll H. Jónsson, *Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Þingeyjarsýslu* (Reykjavík: höfundur 1990), bls. 9–42, hér bls. 14.

130 Um það má víða lesa, sjá t.d. Garðar Jakobsson og Páll H. Jónsson, *Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Þingeyjarsýslu*; Kristján Eldjárn, *Arngrímur mállari*, bls. 67–81; Sveinn Skorri Höskuldsson, *Benedikt á Auðnum*, bls. 511–514.

131 *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur II*, bls. 272–273.

132 Sama heimild, bls. 271.

133 *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur II*, bls. 272, sjá einnig Smári Ólason, „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 380, og Finnur Jónsson, *Þjóðhættir og ævisögur frá 19. öld*, bls. 376.

134 Benedikt Gröndal, *Dægdrövl*, bls. 59 og 77. Tilvísunin til Ólafs er í *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur II*, bls. 265, 3. nmgr.

135 Benedikt Gröndal, *Dægdrövl*, bls. 59.

136 Sjá Smári Ólason, „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 377, en þó enn frekar Wilfried Ulrich, *The Story of the Hummel*. Í þeirri bók eru margar myndir af

Gítarar og gítarleikur er hvort tveggja fljótafgreitt af Ólafi Davíðs-syni en hann nefnir slíkt í einni stuttri setningu: „Einstaka stúlka á Íslandi leikur líka á gítar.“¹³⁷ Ekki er auðvelt að finna heimildir um þessar stúlkur en í frétt í *Norðra* frá árinu 1854 kemur fram að Bernharð August Steincke verslunarfulltrúi byrjaði að kenna gítarleik á Akureyri árið 1852¹³⁸ og árið 1894 þykir Bókaverzlun L. S. Tómassonar á Seyðisfirði ástæða til að auglýsa gítar- og fíólínstrengi til sölu.¹³⁹ Á því tæplega hálfri aldar tímabili sem þarna er á milli finnast síðan einmitt heimildir um nokkrar konur sem leika á gítar. Sigríður Einarsdóttir (1831–1915) var fædd og uppalin í Reykjavík, dóttir Einars Sæmundssonar, hattamakara í Brekkubæ, og eiginkonu hans, Guðrúnar Ólafsdóttur. Sögur fara af gítarleik og söng Sigríðar¹⁴⁰ og veturinn 1857–58 og oftar hafði hún nemendur í gítarleik.¹⁴¹

Önnur Sigríður (1865–1929) sem lék á gítar var Lárusdóttir, frá Kornsa í Vatnsdal, sem varð eiginkona séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði. Bjarni segir frá gítarleik hennar og söng í bréfum sem hann skrifaði til vina sinna er hann dvaldist á Kornsa, veturinn 1885–86, en þar minnst hann einnig á „Gítar-Möngu“ sem ekki er vitað hver var.¹⁴² Guðlaug Arason (1855–1936) „spilaði [einnig] afbragðsvel á gítar og söng undir“¹⁴³ og Margrét Gísladóttir (1885–

hljóðfærum, t.d. frá Norður-Þýskalandi, Belgíu og Hollandi, sem vel gætu verið af langspilum.

137 *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikiðvakar og þulur* II, bls. 271.

138 *Norðri* 1. september 1854, bls. 69.

139 *Austri* 23. ágúst 1894, bls. 96.

140 Finnur Jónsson, *Þjóðhættir og ævisögur frá 19. öld*, bls. 72–73; Benedikt Gröndal, *Dægradvöl*, bls. 232–233. Einnig má benda á kvæði Benedikts ort til Sigríðar: „Til ungrú Sigríðar Sæmundsen (seinna frú Magnússon, 17. mars 1854)“ og „Tólf álna langt og tírætt kvæði. Á afmælisdag jómfú Sigríðar Einarsdóttur Sæmundsen, 17. mars 1855. (Skrifað á tólf álna langt volumen papyreum shirtingo violacco subjectum)“ í Benedikt Gröndal, *Ritsafn* I, bls. 50–51 og 57–78 (skýringar á bls. 530–533).

141 Stefán Einarsson, *Saga Eiríks Magnússonar* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1933), bls. 14–15; Auður Styrkárstöttir, „Konan sem týndist. Sigríður E. Magnússon (1831–1915)“, *Andvari* 140 (2015), bls. 87–112, hér bls. 89.

142 Viðar Hreinsson, *Bjarni Þorsteinsson. Eldhugi við ysta haf* (Reykjavík: Veröld 2011), bls. 93; sjá einnig Ingólfur Kristjánsson, *Ómar frá tónskáldsævi. Aldarminning prófessors Bjarna Þorsteinssonar prests og tónskálds á Siglufirði* (Siglufirði: Siglufjarðarkaupstaður 1961), bls. 56–60.

143 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*. Útg. Agnar Kl. Jónsson (Reykjavík: Hlaðbúð 1947), bls. 175.

1969), húsfreyja og organisti á Hæli í Gnúpverjahreppi, hefur e.t.v. verið byrjuð að spila á gítar fyrir aldamótin en hún lærði orgel- og píanóleik í Reykjavík auk þess sem hún fékk tilsögn í söng.¹⁴⁴ Af bréfum til Sigríðar Einarsdóttur má einnig ráða að Jörgína Sveinbjörnsson (1849–1915) og Ásta Hallgrímsson (1857–1942) hafi báðar leikið á gítar.¹⁴⁵ Þá lék Halldóra Bjarnadóttir (1873–1981) á gítar eins og kemur fram í endurminningum hennar, en hún segir ekki hvar og hvenær hún lærði það.¹⁴⁶ Hún talar um „hljóðfærið“ sem Þorvaldur, sonur Katrínar Þorvaldsdóttur og Jóns Árnasonar, lék á og er áreiðanlega píanó¹⁴⁷ og eftir að hún er orðin skólástýra á Akureyri 1908 þarf að „nurla saman í orgel“ en þar voru nemendur sem „spiluðu vel á hljóðfæri“.¹⁴⁸ Gítarinn virðist ekki njóta eins mikillar virðingar þó að Halldóra leiki á hann sjálf.

Þó að heimildirnar sem hér hafa verið raktar séu ef til vill ekki margar benda þær engu að síður til þess að leikið hafi verið á gítar víða um land á seinni helmingi 19. aldar.

Niðurstöður

Við athugun á heimildum um alþýðuhljóðfæri í tímans rás vekur athygli sú breyting sem verður á viðhorfum til þeirra um aldamótin 1800. Samhliða útbreiðslu hugmynda upplýsingarinnar jókst þekking fólks á vestrænni tónlist. Svo virðist sem þá hafi Íslendingum farið að finnast hljóðfæri, sem aðeins hafa díatónískan tónstiga, gamaldags. Þetta viðhorf nær langt fram á 19. öld, eins og sést á sóknalýsingunum. Langflestir prestarnir sem svöruðu spurningalista Bókmenntafélagsins frá 1839 hafa eingöngu verið menntaðir í Bessastaðaskóla, eða forverum hans, eins og flestir prestar á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar.¹⁴⁹ Þótt skólinn væri prestaskóli, sem auk þess bjó

144 Kjartan Jóhannsson, „Margrét Gísladóttir“, *Organistablaðið* 2/2 (1969), bls. 4–5. Einnig má benda á ljósmynd sem Sigfús Eymundsson tók af óþektri konu, í ljósmyndasafni Þjóðminjasafns Íslands, og tímasett hefur verið til 1895–1905 (Lpr/2014-23).

145 Auður Styrkárstöttir, „Konan sem týndist“, bls. 95.

146 Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Halldóra Bjarnadóttir. Ævisaga*. (Reykjavík: Setberg 1960), bls. 69.

147 Sama heimild, bls. 52–53. Þorvaldur lést 1883.

148 Sama heimild, bls. 113.

149 Árið 1846 höfðu 64% presta eingöngu menntast í íslenskum skólum og 27% lokið sambærilegu námi í einkakennslu (Hjalti Hugason, „Kristnir trúar-

nemendur undir háskólanám, var nokkur áhersla á klassísk fræði og bókmenntir og fornsögurnar voru lesnar og ræddar utan skólatíma, eins og Pétur Pétursson bendir á:

This made the students more sensitive to the native traditions and aroused their respect for the national values. The same literature was also the backbone of the popular secular literature. Often in popularized version, it was a part of the folk saga tradition of the people.¹⁵⁰

Þeir sem eingöngu höfðu hlotið menntun sína í einkakennslu ólust síðan að öllu leyti upp í bændasamfélaginu. Sóknarprestarnir komu þannig úr sveitinni og sneru aftur í meira mæli en aðrir menntamenn. Þeir urðu síðan flestir einnig bændur samhliða prestsskapnum. Tilskipun um húsvitjanir frá 1746 var enn í gildi á 19. öld og þar er prestum boðað að vara fólk við að lesa og syngja ókristilegt efni, svo sem sögur og rímur.¹⁵¹ Pétur Pétursson telur að ef þeir hefðu farið eftir tilskipuninni hvað þetta varðar hefðu þeir gengið gegn sinni eigin menningu,¹⁵² og sú staðreynd að margir prestar gegndu lykillhlutverki í söfnun þjóðsagna og þjóðkvæða á 19. öld gæti stutt þá skoðun.¹⁵³ Menningarleg átök á milli alþýðunnar og hinna lærðu eru þó alls ekki óþekkt og má sjá ýmis dæmi þar um. Frægasta dæmið er líklega gagnrýni Jónasar Hallgrímssonar á rímnakveðskapinn sem birtist í ritdómi hans um Tristansrímur Sigurðar Breiðfjörð.¹⁵⁴ Á svörum prestanna við spurningunni um hljóðfæri

hættir“, *Íslensk þjóðmenning V. Trúarhættir. Norræn trú — Kristni — Þjóðtrú*. Ritstj. Frosti F. Jóhannsson (Reykjavík: Þjóðsaga 1988), bls. 75–339, hér bls. 167).

150 Pétur Pétursson, *Church and Social Change. A Study of the Secularization Process in Iceland 1830–1930* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 1990), bls. 31–32; sjá einnig Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 166–169.

151 „Præsten skal paa det Alvorligste formane Husfolkene at vogte sig for unyttige Historier og urimelige Fabler og Digt, som i Landet have været brugeligt, og ingenlunde tilstede, at de blive læste eller sjungne i deres Huse ...“ („Forordning om Husbesøgelser paa Island. Hirschholm 27. Mai 1746“, *Lovsamling for Island*. II 1724–1748. Útg. Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson (Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Höst 1853), bls. 566–578, hér bls. 574–575.

152 Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 58.

153 Terry Gunnell, „Clerics as Collectors of Folklore in Nineteenth-Century Iceland“, *Arv* 68 (2012), bls. 45–66.

154 Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 291–292. Ritdómur Jónasar var prentaður í 3. árg. *Fjölnis* 1837. Hér er vert að minna á að Jónas átti beinlínis frumkvæði að því að prestunum voru sendir spurningalistarnir til sóknalýsinga.

og hljóðfæraleik sést ekki að þeir samsami sig í miklum mæli þeirri alþýðumeningu sem þreifst í sóknunum og hið sama má segja um svörin við spurningu 58, sem laut að skemmtun fólks.¹⁵⁵ Spurningalistarnir voru ef til vill of snemma á ferðinni í ljósi þess að þjóðernisrómantík hafði ekki enn náð að vekja áhuga á þjóðháttum og fróðleik alþýðunnar.¹⁵⁶ Frekar virðast prestarnir vera undir áhrifum upplýsingarinnar og af hugmyndum hennar mótaðist viðhorf þeirra til tónlistariðkunar sóknarbarna sinna.

Þegar líður á 19. öldina má greina viðhorfsbreytingu í anda þjóðernisrómantíkur og þegar Matthías Þórðarson skrifar um íslensku fiðluna, árið 1919, segir hann hana „einstakt hljóðfæri í sinni röð“.¹⁵⁷ Svipað viðhorf hafði komið fram, bæði hjá Ólafi Davíðssyni og Bjarna Þorsteinssyni, og ekki bara um fiðluna heldur telja þeir líka að langspilið sé alinnlent hljóðfæri,¹⁵⁸ þótt þeim fyrrnefnda þyki ekki mikið til hljóðfærisins koma.¹⁵⁹ En sérstaðan hefur verið undirstrikuð, hljóðfærin eru nú hluti af þjóðmenningunni. Og hið neikvæða viðhorf gagnvart „innlendu“ hljóðfærunum hefur beinst að hinu innflutta (díatóníska!) hljóðfæri harmonikunni, en Ólafur segir að hún sé langalgengasta hljóðfærið og bætir við að það sé „skaði, því aumara hljóðfæri getur valla.“¹⁶⁰ Í sama streng tekur Benedikt Gröndal sem segir „að í staðinn fyrir langspil [séu] hér nú komin „harmonium“ og sú eyrnakveljandi, höktandi og hræðilega „harmonika“!“¹⁶¹

Hér hefur verið gerð samantekt á heimildum um alþýðuhljóðfæri yfir langt tímabil og má hugsa sér að hún sé eins konar grundvöllur undir frekari rannsóknir á sögu einstakra hljóðfæra í eigu Íslendinga og viðhorfa til þeirra. Ég tel víst að þróun þessara við-

155 Terry Gunnell, „Clerics as Collectors of Folklore in Nineteenth-Century Iceland“, bls. 51.

156 Formleg söfnun þjóðsagna hófst ekki fyrr en 1845 og fyrsta útgefna þjóðsagnasafnið (1852) hlaut ekki góðar viðtökur, eins og Jón Árnason lýsir sjálfur (Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I* (Reykjavík: Þjóðsaga 1954), bls. xx); sjá einnig Terry Gunnell, „Clerics as Collectors of Folklore in Nineteenth-Century Iceland“, bls. 49–54.

157 Matthías Þórðarson, „Íslensk fiðla“, bls. 12.

158 Bjarni Þorsteinsson, *Íslenzk þjóðlög*, bls. 67–68 og 73; *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur II*, bls. 266 og 268.

159 *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur II*, bls. 265.

160 Sama heimild, bls. 271.

161 Benedikt Gröndal, *Dægurvöl*, bls. 59.

horfa hafi verið um margt lík því sem gerðist hjá öðrum þjóðum.¹⁶² Ljóst er að vinsældir hljóðfæra og viðhorf til þeirra fylgja straumum og stefnum í samfélaginu auk þess sem misjafnt er hvernig þau falla að breytilegum smekk. Fiðlan datt úr tísku á sínum tíma, síðan langspilið og að lokum hvarf takkaharmonikan, en öðrum hljóðfærum, t.d. gítar, tókst að öðlast sess og virðingu. Hið neikvæða viðhorf til „einfaldra“ hljóðfæra og heimildaskorturinn hefur sannarlega haft áhrif á hugmyndir fólks um hljóðfæraleik Íslendinga á fyrri tíð. Aðeins hefur varðveist ein skrifuð heimild um beinflautu og ein um bumbu en það merkir þó ekki að sú flauta og sú bumba hafi verið einu hljóðfærin sinnar tegundar á Íslandi og e.t.v. hafa verið búnir til fleiri lúðrar úr rostungstönnum. Sú staðreynd að svo fá dæmi finnast um slík hljóðfæri gæti líka bent til þess að ekki hafi þótt ástæða til að nefna svo hversdagslega hluti, og auk þess heimatilbúna, í rituðum heimildum. Þess vegna er nauðsynlegt að vera vakandi fyrir ólíkum heimildaflokkum og vísbendingum sem geta varpað nýju ljósi á tónlistarlíf þjóðarinnar á liðnum öldum.

162 Um neikvæð viðhorf gagnvart „einföldum“ alþýðuhljóðfærum í Norður-Evrópu má t.d. lesa í Wilfried Ulrich, *The Story of the Hummel*, bls. 9–11.

Abstract

RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

PRE-1900 REFERENCES TO MUSICAL FOLK INSTRUMENTS IN ICELAND

This article sheds light on various references appearing between 1500 and 1900 to the musical instruments which Icelandic commoners were playing for entertainment. Besides revealing little-known sources on various simple instruments, the article focuses on the attitudes implied by these sources and how such attitudes developed throughout the period. Until 1800, references to musical instruments were generally neutral or even rather positive, but Enlightenment ideas and an increasing knowledge of Western music led to more critical perspectives. As the 19th century unfolded with its Romantic spirit of nationalism, however, this negative tone changed once more. The older instruments came to be treasured as uniquely Icelandic and therefore valuable, even though they were all known and used in neighbouring countries and were neither entirely Icelandic nor particularly typical of this island's inhabitants. On the other hand, individual instruments were frequently crafted by the Icelanders who used them, whether based on knowledge passed on since the settlement or on imported models. Ideas on the previous use of musical instruments seem to have been shaped by critical and often negative attitudes towards simple instruments as well as by a shortage of sources on them, so that even today one can hear the opinion that Icelanders never played musical instruments at all in bygone centuries. The article counters this by asking whether it is not precisely the paucity of references to instrument playing which indicates that people often saw no need to mention such ordinary, homemade objects. The article also suggests the necessity of staying alert for different types of sources and allusions that might cast further light on Icelandic musical life during previous centuries.